

Upphaf útvarps á Íslandi.

*Fyrsta formlega útsending útvarpsstöðvar
hér á landi var 18. mars 1926.*



Í þessu húsi, Loftskýtastöðinni á Melunum er rekin fyrsta loftskýtaþjónustan og útvarpssendistöð á landinu. Þar var 0,5 kW útvarpssendir HF Útvarps á vegum Otto B. Arnars loftskýtafræðings



Hér er farið stuttlega yfir sögu hússins og starfsemina.

Stutt er þar til liðin verða 100 ár frá fyrstu útvarpssendingu hér á landi. Tilefni þessa bæklingis er að safna saman á einn stað upplýsingum og greinum sem ritaðar hafa verið ásamt auglýsingum og myndum frá upphafsárum útvarps og loftskeyta. Greinar sem aðrir hafa skrifað eru fengnar að láni með þeirra samþykki.



Undirritaður er í forsvari fyrir félagi „*Hollvina um sögu útvarps á Íslandi*“. Markmið félagsins er að safna saman og varðveita heimildir um þróun útvarps frá upphafi hér og erlendis ásamt að varðveita útvarpstæki frá þeim tíma. Að félaginu standa ásamt mér nokkrir rafeindavirkjar sem unnið hafa í faginu um það bil 60 ár. Við varðveitum mikið safn tækja og nokkur þeirra eru frá fyrstu árum eftir að útvarp hófst og allt til ársins 2000.

Fjarskiptasaga Íslands tengist húsinu „Loftskeytastöðinni á Melunum“, því það er fyrsta hús á landinu þar sem rekin var loftskeytaþjónusta frá árinu 1918 til 1963. Árið 1926 var síðan fyrsti útvarpssendirinn á landinu settur upp í því húsi. Ríkisútvarpið er stofnað 1930, en með aðstöðu á Vatnsendahæð ofan Reykjavíkur.

Saga útvarpsins er heillandi því útvarpið rauf einangrun og færði mönnum strax í upphafi fréttir og fróðleik. 1893 sýndi Nikolai Tesla það sem hann kallaði þráðlaust útvarp í St. Louis, Missouri. Þrátt fyrir þessa sýningu er Guglielmo Marconi sá aðili sem oftast er nefndur faðir þráðlausra fjarskipta.

Fyrstu útvarpssendingar í heiminum eru þó taldar vera þegar Bandaríski uppfinningamaðurinn **Lee de Forest** útvarpaði tveimur óperum í tilraunaskyni 1910. Þá notuðu menn kristaltæki sem þurftu aðeins loftnet og gott jarðsamband ásamt heyrnartóli. Aðeins einn gat hlustað í einu í fyrstu gerðum þeirra tækja. Daglangar útsendingar nokkurra útvarpstöðva í Bandaríkjunum hófust 1916 og stóðu allt upp í sex tíma samfleytt í tilraunaskyni. Marconi félagið í London hóf tilraunasendingar 1920. Þær sendingar náðust hér á Íslandi í viðtæki sem nýbúið var að setja upp í Loftskeytastöðinni á Melunum. Á Bretlandi hófust reglulegar útvarpsútsendingar árið 1922 með stofnun breska ríkisútvarpsins BBC í London. 22. desember 1920 eru gerðar tilraunir í Berlín með útvarpssendingar sem stóðu yfir í 60 mínútur. 29. október 1923 var svo fyrst send út regluleg útvarpsdagskrá í Þýskalandi frá Vox-Haus í Berlín. Frakkar gerðu fyrst opinberar tilraunir með útsendingar útvarps 24. des. 1921 frá París. Síðan hófust reglulegar fréttasendingar þaðan 1925.



Eiffel turninn var notaður til að halda uppi loftnetunum.

Árið 1920 er því nefnt „**Ár útvarpsins**“. Upphafsár útvarpssendinga í Evrópu.

(Kristaltæki voru smíðuð fyrir tíð lampana. Þurftu aðeins gott loftnet og jörð. Virkuðu ágætlega í næsta nágrenni við útvarpssendana)

Fyrstir Íslendinga til að hafa þráðlaus fjarskipti eru félagarnir Þorsteinn Gíslason og Friðbjörn Aðalsteinsson á Seyðisfirði með heimasmiðuð sendi og viðtæki árið 1913 við skip úti fyrir Austfjörðum. Þorsteinn varð síðan fyrstur Íslendinga til að ná útvarpssendingum frá Þýskalandi, London og París á heimasmiðað útvarp. Tækið er ennþá til og er til sýnis í Skógasafni.

Árið 1919 reisir Þorsteinn 25 m hátt mastur við íbúðarhús sitt á

Seyðisfirði og náði þá betur morse sendingum stöðva í Evrópu og var með gott samband við loftskeytastöðina í Reykjavík með sínum heimasmiðuðu sendi og viðtækjum

Loftnetsmastið á Seyðisfirði



Veturinn 1920 gerir Otto B. Arnar loftskýtafræðingur fyrstur manna á Íslandi tilraun með útvarpssendingu, þá nýkominn frá námi hjá uppfinningamanninum Lee de Forest í Bandaríkjunum. Þetta var aðeins tilraun frá skipinu e/s Sterling. Eftir það var Otto staðráðinn í að setja á laggirnar útvarpsstöð. Otto stofnaði félagið HF útvarp 1926 og útvarpaði í tvö ár



en varð að hætta vegna fjárskorts. Útsendingar náðust langt út á haf og allt austur í Rangárvallasýslu. Sendirinn var staðsettur í húsi Loftskýtastöðvarinnar. Ekki er vitað hvað varð um þennan sendi eftir að stöðin hætti starfsemi annað en hann hafi verið settur í geymslu. Nánar er farið í söguna hér aftar í bæklingnum.

1927 setur breski trúboðinn Arthur Gook upp útvarpsstöð á Akureyri með styrk frá breskri ekkju. Stöðin var það aflmikil að sendingar náðust í Kanada, Kaliforníu og í Ástralíu þegar skilyrði voru hagstæð. Gook flutti inn talsvert af útvarpstækjum fyrir Akureyringa, bæði kristaltæki og lampatæki. Stöðin hætti útsendingum eftir tvö ár þar sem leyfið fyrir útsendingar stöðvarinnar fékkst ekki framlengt. Þá var nýbúið að samþykkja lög á Alþingi um stofnun Ríkisútvarpsins með einkarétt til reksturs útvarpssendinga á landinu.



Loftnet Gook á Akureyri



Innflutningur á viðtækjum var ekki mikill enda kostaði útvarp á bilinu 260 til 550 krónur á meðan verkamannalaun voru aðeins 1 kr. á tímann. Bændur fengu 40 til 80 auru fyrir eitt kíló af nautakjöti. Það hefur því tekið verkamanninn tvo til þrjú mánuði að vinna fyrir einu útvarpstæki og bóndinn þurft að selja rúmlega hálf tonn af kjöti.

Fyrst er vitað til þess að hér á landi hafi verið flutt inn og seld útvarpstæki 1924. Þó er talið að talsvert hafi verið til af útvörpum í einkaeigu hér á landi fyrir þann tíma. 1931 eru skráð 450 útvarpstæki. Ári síðar eru þau orðin 10,492.

Loftskýtastöðin á Melunum gegndi veigamiklu hlutverki í seinni heimsstyrjöldinni því breski herinn yfirtók stöðina þar sem hún var betur búin senditækjum en þeir höfðu með sér. Frá Loftskýtastöðinni var sendur tónn kl.12,30 inn í dagskrá Ríkisútvarpsins til að minna fólk á að hálf tími væri liðinn af matartímanum því vinnandi fólk fór gjarnan heim í hádegismat. Frá stöðinni lá sérstök símalína upp á Vatnsendahæð í Langbylgjustöð Ríkisútvarpsins. Þessi lína var m.a. notuð fyrir tónsendinguna. Þetta byrjaði sennilega árið 1933, á sama ári og verkalýðsfélögin fengu því framgengt að fréttatíminn í hádeginu hæfist ekki fyrr en kl.12,20 til að þeir sem fóru heim í mat misstu ekki af fréttunum. Enn í dag hefjast hádegisfréttir RUV á þessum tíma, kl.12,20. Færeyingar tóku þennan sið upp eftir okkur, 1962 og eru þessar tvær útvarpsstöðvar þær einu í heiminum sem eru með hádegisfréttir, ekki á heila tímanum svo vitað sé. Tónsendingin í hádeginu frá Loftskýtastöðinni var aflögð 1959.

Eins og fyrr kemur fram varðveitum við í Hollvinafélaginu útvarpstæki frá fyrstu árum útvarps. Við í félaginu höfum áhuga á að þess verði minnst með sýningu gamla tækja og sögunni á 100 ára afmæli útvarps á Íslandi, árið 2026.

Sigurður Harðarson
rafeindavirki



CQ TF

Rit félagsins Íslenskir radióamatörar

2. tbl. 50. árgangur júlí 2018



Fyrsta íslenska loftskeytastöðin, TFA, varð 100 ára 17. júní 2018.

Mynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Pétur Thomsen, TF3PT.

MEDAL EFNIS:

- *Lofskeytastöðin á Melunum*
- *TF1VHF QRV á 50 og 70 MHz*
- *Vinsældir FT8 ná nýjum hæðum*
- *Varasamir yfirspennupúlsar*
- *CQ World Wide í 70 ár*
- *Starfsáætlun 2018/19*

Á DÖFINNI:

- *TF útleikarnir 2018*
- *Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin 2018*
- *Nýtt kynningarefni ÍRA*
- *Vetrardagskrá 2018/19*
- *Tíðnimál, 4 metrar og 6 metrar*
- *Næsti skilafrestur efnis í CQ TF er 22. september*



Frá ritstjóra

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB

Þann 17. júní s.l., voru eitt hundrað ár frá því að Loftskýtastöðin á Melunum var tekin formlega í notkun. Á þessum tíma var Ísland ekki með eigin kallmerki, svo fyrst í stað var notað danskt kallmerki, OXR. Árið 1919 fékk stöðin síðan kallmerkið TFA en sennilega þekkja flestir stöðina sem Reykjavík Radió.




Skjaldarmerki Landssímans undir kórónu Danakonungs þryðir stöðvarhúsið enn í dag.

Skjaldarmerki Landssímans undir kórónu Danakonungs þryðir stöðvarhúsið enn í dag.

Einhverjir bættu þó við frá eigin brjósti, eins og eftirfarandi klausa úr blaðinu "Fréttir - Dagblað" sýnir, en ritstjóri blaðsins var Guðmundur Guðmundsson skólaskáld.

„Á stöðinni sjálfri er umgengnin hin þryðilegasta, allt fagað og fagurt á að sjá, herbergi vönduð og vistleg í hvívetna. Mikill er þar galdur véla og hávaði sem í brimi og fuglabjargi, er allar vélar eru í gangi.



Friðbjörn Aðalsteinsson loftskýtastöðvarstjóri situr við tækn.

Leiftra þar glampar og gneistar, og ber undur að augum og eyrum.“

Fyrstu þráðlausu tilraunasendingarnar á Íslandi höfðu þó hafist árið 1913 og þar voru að verki tveir ungir simritarar á Seyðisfirði. Í bókinni "Loftskýtamenn og fjarskiptin" segir svo um þá félaga á bls. 385.

„Fyrstu íslensku radióamatörarnir eru óumdeilanlega tveir ungir simritarar austur á Seyðisfirði. Fyrstu þráðlausu sendingarnar á Íslandi voru framkvæmdar af þeim haustið 1913. Það voru Þorsteinn Gíslason (seinna TF6GI), síðar umdæmisstjóri á Seyðisfirði og Friðbjörn Aðalsteinsson síðar loftskýtastöðvarstjóri í Reykjavík, sem riðu á vaðið með þessar fyrstu tilraunir.“



Friðbjörn Aðalsteinsson.

Þorsteinn Gíslason.

Við, íslenskir radióamatörar, megum aldrei gleyma þessum fyrstu radióamatörum og þeirra brautryðjandastarfi. Þó hugtakið, radió amatör, hafi verið svo gott sem óþekkt hér á landi á þessum tíma, og þó Friðbjörn hafi ekki orðið sér úti um amatöraleyfi eins og Þorsteinn, þá voru þeir báðir sannir radióamatörar eins og þeir gerast bestir.

73 TF3SB



Loftskeytastöðin á Melunum

Sígurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB

Gamla loftskeytastöðin á Melunum á á aldarafmæli á þessu ári. Upphaflegt kallmerki hennar var OXR en varð svo TFA árið 1919.

Greinin sem hér fer á eftir kom í Morgunblaðinu 16. júní 1918 og er birt hér í heild. Glöggir lesendur CQ

Hinn 14. júní voru blaðamenn bæjarins boðnir af landsímastjóra til þess að skoða hina nýju loftskeytastöð. Hefir landið nú nýlega tekið við stöðinni af Marconi-félaginu að öllu leyti, nema því, að rafmagnsgeymirinn á félagið enn sjálf, því hann reyndist illa og hefir félagið skuldbundið sig til þess að senda hingað nýjan rafmagnsgeymir hið fyrsta, og með því skilyrði, að stöðin geti sent skeyti eins langa leið og tilætlað er í samningnum við Marconi-félagið. En langdrag hennar hefur eigi verið unt að reyna enn sem komið er.

Blaðamönnum voru nú sýnd hin ýmsu herbergi stöðvarinnar, vélaklefarinn, móttöku og sendistöðin og stofur þær sem teknar eru fyrir símritunar- og loftskeytaskólann. Skýrði stöðvarstjórinn, Friðbjörn Adalsteinsson, jafnframt ætlunarverk hinna ýmsu véla og áhalda og sýndi hvernig stöðin starfaði bæði að móttöku og sendingu skeyta.

Að því loknu gaf landsímastjórinn, O. Forberg, stutta skýrslu um sögu loftskeytamálsins hér á landi, byggingu stöðvar þessarar, kostnað og rekstur hennar og mælti á þessa leið:

Að koma Íslandi í loftskeytasamband við umheimin var fyrst hreyft á þingi árið 1902. Það var Einar Benediktsson, fyrrv. sýslumaður, sem gerðist aðaltalsmaður loftskeytasambandsins í það skifti.

Tveimur árum síðar, 1904, fór þáverandi ráðherra Hannes Hafstein, til Lundúna til þess að ráðgast við Marconifélagið um loftskeyta-samband við Ísland.

Skömmu síðar gerði Marconifélagið tilboð um að koma á loftskeytasambandi milli Skotlands – Reykjavíkur – Ísafjarðar – Akureyrar og Seyðisfjarðar. Fyrir stöðvar þessar vildi félagið fá eina milljón króna í eitt skifti fyrir öll og auk þess 113.000 kr. árlega til reksturskostnaðs. Allar tekjur áttu að renna í landssjóð.

Loftskeytatækin voru þá (1904) á bernskuskeiði

TF taka væntanlega eftir því að stafsetning er nokkuð frábrugðin því sem nú tíðkast. Þótti við hæfi að hnika engu í greininni og er upprunaleg stafsetning því látin halda sér, þótt ein og ein prentvilla hafi verið leiðrétt.

Hafa amatörar vonandi bæði gaman og fróðleik af.

og sem betur fór var tilboðinu hafnað. Sem dæmi má geta þess, að Ameríku-samband Marconifélagsins, sem lokið var við 1905, gat eigi tekið verulega til starfa fyr en í febrúar 1908.

Sumarið 1905 lét Marconifélagið reisa hér tilraunastöð, sem gat tekið við skeytum frá Poldhu í Englandi, en var ekki útbúin með senditækjum. Ári síðar var þessi stöð lögð niður.

Á alþingi 1911 var mikið rætt um að koma á loftskeytasambandi milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja og jafnvel víðar. Það virtist hafa talsvert fylgi í þinginu, en var þó að lokum felt.

Með lögum um ritsíma og talsmakerfi Íslands frá 20. okt. 1913, var heimilað að byggja loftskeytastöð í nánd við Reykjavík. Átti aðaltilgangur stöðvarinnar að vera sá, að vinna við skip í hafi, og annast varasamband til útlanda.

Vegna stríðsins og annara ástæða seinkaði framkvæmd málsins þangað til sumarið 1916, að þeir Einar Arnórsson, þáverandi ráðherra, og landsímastjórinn fóru til Danmerkur og 1. júlí sama ár var gerður samningur við Marconifélagið um að byggja 5 kilowattastöð á Melunum við Reykjavík.

Loftskeytastöðin á Melunum.

Því sem fyrr hefur verið frá skýrt hefur landsímastjórinn O. Forberg blaðmönnum bæjarins að skoða loftskeytastöðina 14. j. m., en löndið hefur nú tekið við af Marconifélaginu. Rafmagnsgeymirinn er ekki helinn daga og ætlar félagið að setja nýjan geymi í

stöðina við fyrstu hestagleiku. Væður þá fyrri stöð, hverna langi stöðin getur sent skeyti.

Á stöðinni sjálfri er neygengin hin þröðugasta, sít óþvö og lagurt á að sjá, herbergi vönduð og vístleg í lívveinu.

Mikill er þar góður völu og hávaði som í brimi og fagistjörgi, er vélar allar eru í gangi. Leiftra þar glampar og gnoslar, og þer vöndur að augum og eyrum.

Stöðvarstjórinn, herra Friðbjörn Adalsteinsson, skýrði frá völuverki ölu og rýndi gang skeytasendingu- og móttökuvéla. En að loknu sagði O. Forberg sögu loftskeyta-er málsins hér á landi, frá smíði stöðvarinnar, kostnaði og rekstri og ætlunarverki hennar og kústað honum orð sem hér segir:

Fréttir af kynningu landsímastjóra birtist í öllum dagblöðunum. Ritsjóri dagblaðsins Fréttu, (Guðmundur Guðmundsson 'Skólaskáld') var öllu háfleygari í lýsinguon en Mbl.

Um haustið veitti brezka stjórnin útflutningsleyfi á tækjunum og í desember 1916 kom flest alt efni til stöðvarinnar hingað til Reykjavíkur.

Bæjarstjórn Reykjavíkur lét af hendi 20.000 fermetra lóð á Melunum gegn 300 kr. árlegu lóðargjaldi. Þá um haustið (1916) var einnig byrjað að reisa hús fyrir stöðina. Einar Erlendssyni byggingarmeistara var falin yfirumsjón við húsbýgginguna og má telja að lokið hafi verið við smíði hússins um síðustu áramót.

Húsið er einlyft með háum kjallara. Það er 56 X 33 fet, bygt úr steinsteypu og hið vandaðasta í alla staði. Í kjallaranum er þriggja herbergja íbúð fyrir dyravörð stöðvarinnar, auk eldhúss, þvottahúss, miðstöðvarhitavélar og geymslu fyrir olíu og eldivið. Uppi eru þrjú herbergi fyrir loftskeytataekin: eitt fyrir sendivélarnar, annað fyrir rafmagnsgeymirinn og hið þriðja fyrir móttökuvélarnar. Auk þess eru þar tvö herbergi fyrir simritunar- og loftskeytaskólana og tvö herbergi fyrir forstjóra stöðvarinnar. Húsið ásamt raflýsingu, hitaleiðslum og vatnsleiðslu, kostar um 77.000 kr. Húsið er ennþá ómálað að utan.

Möstur stöðvarinnar eru tvö og standa sitt hvoru megin við húsið. Þau eru 253 ensk fet á hæð hvert og 600 fet á milli þeirra. Hvort mastur er bygt úr 23 tíu feta stálpípum en efstu 23 fetin eru úr tré. 12 stálvírar styðja hver mastur. Stálvírar þessar eru einangraðir frá möstrunum og jörðu. Þeim er fest í átta stóra og sterka cementsstöpla. Möstrin standa einnig á samskonar cementsstöplum. Þessir cementsstöplar eru 10 talsins og auk þess 7 minni fyrir festar loftnetsins – samtals 17 stöplar. Milli masturtoppa eru strengdir 4 bronzeþræðir og úr miðju þeirra aðrir 4 þræðir niður að jörðu og inn í vélaherbergið. Loftþræðir af þessari gerð eru nefndir »T-loftnet« og hafa þann eiginleika að geisla rafsegulöldunum jafnt í allar áttir.

Eiginsveiflur þessa loftnets eru um 900 metrar og er því notað til að senda 900 og 1800 m. öldur. Frá syðra mastri stöðvarinnar eru, auk áður umgetinna loftþráða, strengdir tveir þræðir niður að húsinu og inn í vélaherbergið. Þetta minna loftnet er aðallega notað til að vinna við skip með 600 metra öldulengd. Sitt hvoru megin við húsið eru grafnar í jörðu, í tvo hálfhringi, 56 galvaniseraðar járnplötur og við þær tengdir járnvírar, sem grafnir eru niður milli mastrana, og einnig leiðdir inn í vélaherbergið. Þetta er kallað »jardarsamband« stöðvarinnar. Uppsetning mastra, stálvira, loftneta, cementsstöplar og jardarsamband kostar um 33.500 kr.

Í vélaherberginu er senditækjunum komið fyrir.

Aðal hreyfivélina er 15 hestafla þriggja cylindra steinolíumótor. Hann er útbúinn með rafkveikju og einnig látinn ganga fyrir benzini. Áfast við mótorinn er jafnstraumsvél, sem framleiðir 7,5 kw. 110/160 volta spennu. Jafnstraumsvél þessi gerir hvort tveggja að hláða rafmagnsgeymirinn, og knýja 9/4 hestafla straumhreyfivél. Rafmagnsgeymirinn, sem er 60 »cellur« 260 ampérestunda, knýr straumhreyfivélina þegar steinolíumótorinn er ekki í gangi. Við straumhreyfivélina er tengd straumbreytivél, sem framleiðir einfasaðan breytistraum, 5 kw. 500 volt, 300 períóður. 500 volta breytistraumurinn er með spennubreytir hækkaður upp í 7500/15000 volt. Móttökutækin eru 4, þar af 3 af kerfi Marconis og 1 »Audion« - tæki De Forrest's. Móttökutækin hafa reynst afbragðs vel en ekki er hægt enn sem komið er að segja neitt ákveðið um langdrag stöðvarinnar. Samkvæmt samningnum ábyrgist Marconifélagið langdrag stöðvarinnar 750 kilometra að degi til og rúmlega helmingi lengra að nóttu (í myrkri).

Tilgangur stöðvarinnar er í fyrsta lagi sá að vinna við skip í hafi og við strendur landsins. Með því móti getur stöðin orðið fiskiflotanum, sem gera má ráð fyrir að verði útbúinn með loftskeytataekjum, að ómetanlegu gagni. Í öðru lagi er ætlast til að stöðin verði miðstöð og gæslustöð þeirra loftskeytastöðva, sem væntanlega verða bygðar hér á landi innan skams, og í þriðja lagi á stöðin að annast varasamband við útlönd ef sæsimanum skyldi hlekkjast á.

Hvað viðvikur síðasta atriðinu, þá ætti að vera hægt að koma talsverðu af simaviðskiftum vorum loftleiðina, ef sæsiminn bilar, - sérstaklega ef 5 kw. stöðin á Færeyjum, sem verður byggð eins fljótt og kringumstæður leyfa, - væri komin, en þó getum við ekki komið nándar nærri öllum þeim skeytum, sem nú eru afgreidd daglega gegn um sæsimann. Til þess þyrftu stöðvarnar að vera miklu öflugri og betur útbúnar.

Samningur sá, sem gerður var við Mikla Norræna, veitir félaginu einkaleyfi á simasambandi Íslands við Evrópu í 20 ár, eða þangað til í ágústmánuði 1926. Þess vegna var ekki ráðist í að reisa stærri, og þar af leiðandi miklu dýrari stöð, sem þó væri ekki leyfilegt að nota næstu árin. Fé það sem varið hefði verið til svo stórrar stöðvar, hefði því legið ónotað og rentulaust um óákveðinn tíma. - Í þessu sambandi má geta þess, að loftskeytastöð með langdragi héðan til Kanada var áætlað að mundi kosta fyrir stríðið, eða í stríðsbyrjun, um eina miljón króna. Tæki stöðvarinnar hér og verk-

fræðingur Marconifélagsins, sem hér var, kosta um 65.000 kr.

Það má heita ógerningur á þessum tímum, að fá erlendar stöðvar til að gera tilraunir við stöðina hér. Sem stendur erum við að gera tilraunir vil Lyngby-stöðina, en hún er svo langt í burtu, að ekki er talið líklegt að þær tilraunir takist. Lerwick á Hjaltlandi er sú stöð, sem mestar líkur eru til að gæti haft samband við Reykjavíkurstöðina, en leyfi til að reyna við Lerwick, eða aðra hentuga stöð á Bretlandi, er enn ekki fengið hjá Bretum.

Í sambandi við loftskeytastöðina hafa verið settir á stofn loftskeyta- og símritunarskólar. Skólar þessir eru útbúnir með nýtzku símatekjum og

kenslan er bæði bókleg og verkleg. Forstjóri stöðvarinnar stýrir einnig skólunum. Fyrsta námskeiðið hófst 1. febr. þ. á. Í símritunarskólanum eru 5 ungir menn, sem hafa nú lokið fyrri hluta námsins, sem stóð yfir í vetur, en eiga annan vetur eftir. Í sumar hefur þeim verið komið fyrir hingað og þangað á ritsímastöðvunum, en byrja aftur á námi í haust.

Við loftskeytaskólann luku 4 skipstjórar minna prófi og eru nú handhafar fyrstu íslensku prófskrifteina í loftskeytafræði, sem gefin hafa verið út.

Skipstjórar þessir voru: Guðmundur Jónsson, Hafsteinn Bergþórsson, Jóel Jónsson og Jón Otti Jónsson.



Efri t.v. Loftskeytastöðin. Lms. Rvk., Magnús Ólafsson. Efri t.h. Loftskeytamenn að störfum, standandi er Guðjón Jónsson en sitjandi er Haukur Jóhannesson. Lms. Rvk., Sveinn Þormóðsson. Neðri myndin er tekin inni í stöðvarhúsinu. Lms. Rvk., Magnús Ólafsson.

Morgunblaðið

mbl.is/gagnasafn

Föstudaginn 17. júní, 1988 - Fréttaskýringar

Loftskýptastöðin í Reykjavík 70 ára Loftskýptastöðin í Reykjavík eða

Loftskýptastöðin í Reykjavík 70 ára Loftskýptastöðin í Reykjavík eða Reykjavíkurradíó á 70 ára afmæli 17. júní. Þegar stöðinni var komið á fót hófst nýr þáttur í fjarskiptum hér á landi, til ómetanlegs gagns fyrir öryggi sjófarenda. Þau eru ófá mannlífin sem bjargað hefur verið fyrir hennar tilstuðlan.

Um síðustu aldamót var farið að reisa loftskýptastöðvar og setja loftskýptatæki í skip erlendis. Loftskýptin sönnuðu fljótt ágæti sitt ekki síst hvað varðar öryggi og áttu t.a.m. þátt í björgun fjölda manna þegar farþegaskipið "Titanic" fórst í jómfrúrfærð sinni árið 1912.

Alþingi heimilaði ríkisstjórninni sama ár að reisa loftskýptastöð í eða við Reykjavík. Var ákvörðun Alþingis merkileg og bar vott um viðsýni þess því að á þessum tíma voru engin loftskýptatæki í íslenskum skipum.

Fyrstu skip Eimskipafélagsins Gullfoss og Goðafoss komu til landsins árið 1915, bæði búin loftskýpta tækjum og komst þá nokkur skriður á málin.

Lóð vestur á Melum

Bygging loftskýptastöðvar í Reykjavík hófst 1916 með samningi við Marconifélagið í London um uppsetningu slíkrar stöðvar. Lóð fékkst hjá Reykjavíkurbæ vestur á Melum sem þá var talsvert utan við bæinn.

Vorið 1918 var byggingu og frágangi tækja lokið og 8. maí tóku við stöðinni fyrir hönd ríkisstjórnarinnar þeir Guðmundur J. Hlíðdal verkfræðingur, síðar pósti og símamálastjóri, Vilhjálmur Finsen ritstjóri og loftskýptamaður og Friðbjörn Aðalsteinsson fyrsti stöðvarstjóri stöðvarinnar. Hún var svo opnuð til almenningsnota 17. júní.

Stöðin var búin bestu tækjum sem völ var á þá, 5 kw neistasendi sem fékk orku frá olíumótor og varasendi sem gekk fyrir rafhlöðum. Viðtæki voru tvö, krystalsviðtæki, annað með lampamagnara. Loftnetsmöstur voru tvö, 77 metra há og langdrægi 750 km að degi til en allt að helmingi lengri vegalengd að nóttu. Stöðin sá um öll fjarskipti við skip og einnig skýptaviðskipti við útlönd þegar sæsími slitnaði. Öll þjónusta fór fram á morse.

Opið allan sólar

hringinn

Á fyrstu árum stöðvarinnar fór starfsemi ört vaxandi enda fleiri og fleiri skip búin loftskýptatækjum. Stöðin fékk Marconiviðtæki með 7 lömpum ásamt hátalara 1920 og urðu við það þáttaskil í viðtöku stöðvarinnar. Starfsmönnum fjölgaði og unnt var að hafa stöðina opna allan sólarhringinn og tryggja með því aukið öryggi sjófarenda.

Með tilkomu Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1921 var stöðin tengd henni og olíumótorinn lagður niður.

Togarinn Egill Skallagrímsson var sá fyrsti í eigu Íslendinga sem búinn var loftskýptatækjum. Auk morsesendinga voru talviðskipti möguleg og var togarinn eitt fyrsta skip í Evrópu, utan herskipa, sem hafði slíkan búnað.

Á árunum 1923-24 voru radió tæki komin í flest stærri skip hérlendis. Jafnframt jukust viðfangsefni Loftskýptastöðvarinnar og fleiri strandarstöðvar risu út um landsbyggðina.

Lampastöðvar komu til sögunnar um 1930 og varð þá mikil bót á tækjabúnaði stöðvarinnar. Um svipað leyti hóf Landsíminn smíði talstöðva fyrir fiskiskip sem reyndust vel og fjölgaði þá mjög skipum með talstöðvar. Árið 1938 komst á talsamband milli skipa og símnotenda í landi sem varð mjög vinsælt og fór fram á millibylgjum.

Ómetanlegt gagn

í stríðinu

Við hernám Breta 1940 lagðist allt talsamband við skip niður og var svo öll styrjaldarárin. Sömuleiðis voru öll önnur viðskipti stöðvarinnar við íslensk skip verulega takmörkuð og undir ströngu eftirliti hernámsliðsins. Strandarstöðvarnar voru hins vegar í stöðugri notkun til viðskipta við herskip bandamanna og að dómi kunnugra komu þær að ómetanlegu gagni í hernaðaraðgerðum þeirra.

Í grein eftir Hallgrím Matthíasson stöðvarstjóra segir um þetta: "Þegar hernámsliðið, sem hingað kom 10. maí 1940, sá að TFA (auðkenni Reykjavík- radió) var betur búin radiótækjum, bæði til sendingar og viðtöku, en hliðstæðar loftskeyta stöðvar í Bretlandi, vildu þeir ekki líta við þeim tækjum sem þeir höfðu meðferðis, enda hefðu þau ekki komið að verulegum notum hér á landi. Og þær fjarskiptastöðvar sem þeir komu sér upp hér voru eiginlega ekki tilbúnar til viðskipta fyrr en seint og um síðir. TFA varð þessvegna eins konar radiómiðstöð fyrir herskipaflota og skipalestir bandamanna á Norður-Atlantshafi og við strendur Íslands.

Bretarnir létu þá skoðun oft í ljós við mig að margt hefði farið á annan veg hefði TFA ekki notið við og man ég alveg sérstaklega eftir því þegar "H.M.S. HOOD" var sökkt fyrir norðvestan Ísland og eltingar leikurinn við "BISMARCK", best búna orrustuskip veraldar hófst. Þá varð einum sjóliðsforingja Breta að orði að "TFA hefði unnið orrustuna um Atlantshafið". En TFA vann líka oft aðrar orrustur upp á líf og dauða.

Á erfiðustu stríðsárum bandamanna á hafinu, 1941-43, náði TFA oft og stundum daglega neyðarkalli frá sökkvandi skipum. Þessi neyðar köll sendi svo TFA áfram til annarra skipa og flugvéla. Þannig átti TFA þá eins og oft fyrr og síðar, óbeinan þátt í björgun óteljandi mannlífa."

Flutt að Gufunesi

Eftir síðari heimsstyrjöldina var skipafloti landsmanna endurnýjaður verulega og með nýjum skipum komu fullkomnari radiótæki. Einnig var öllum bátum 15 brúttólesta og stærri gert að skyldu að hafa talstöð. Búnaður strandarstöðvanna var bættur og aukinn og stöðvum fjölgað í framhaldi af því. Notkun á stuttbylgjum jókst en þær gera samtöl möguleg um mun lengri vegalengdir en áður.

Þegar hér var komið sögu, varðað fjarlægja loftnetsmöstrin á Mel unum vegna öryggis flugumferðar á Reykjavíkurlflugvelli. Þau voru flutt ásamt sendum að Rjúpnahæð. Háskóli Íslands þarfnaðist einnig aukins landrýmis fyrir byggingar sínar og fluttist Loftskeytastöðin því að Gufunesi 1963 eftir langan undirbúning. Hún sameinaðist fjarskiptastöðinni sem þar var fyrir. Sú stöð hafði þá annast stuttbylgjuviðskipti á morse við skip og einnig höfðu fréttasendingar og útsending veðurfregna á morse til skipa átt sér stað þar um nokkurra ára skeið. Tækjabúnaður var endurbættur og starfsaðstaða batnaði til muna við flutningana.

Á fimmtugasta starfsári stöðvarinnar voru tekin í notkun örbylgju tæki til talviðskipta, staðsett á Þor bjarnarfelli við Grindavík.

Fjölbreytt þjónusta

Frá því að Loftskeytastöðin flutti afgreiðslu sína að Gufunesi hefur fjölbreytt þjónusta verið í boði. Má nefna móttöku á fréttaskeytum frá erlendum fréttastofum fyrir blöð og útvarp sem nú hefur lagst af og radiósamband við útlönd í sæsíma slitum áður en jarðstöðin Skyggfirr tók við því hlutverki.

Stöðin hefur um árabil sent út veðurspá fjórum sinnum á sólarhring á morse og einu sinni á tali frá Veðurstofu Íslands. Veðurfregnum er einnig útvarpað á ensku. Fréttaskeyti eru send til íslenskra skipa á fjarlægum siglingaleiðum. Hádegisog kvöldfréttir eru sendar út á nokkrum tíðnum í einu með stefnu virkum loftnetum til Evrópu. Þessar útsendingar eru teknar upp hjá stöðinni og endursendar í átt til austurstrandar Bandaríkjanna og Kanada þrisvar á dag. Einnig er fréttayfirlit liðinnar viku sent út til Evrópu og Bandaríkjanna tvisvar í viku. Njóta þessar útsendingar vinsælda meðal Íslendinga búsettra erlendis. Stöðin tekur við skyldutilkynningum

frá skipum og mun gera það uns sjálfvirkur búnaður í skipum og landi tekur við því hlutverki. "Navtex"-fjarritasendingar nefnast sendingar veðurfregna og almennra siglingatilkynninga á ensku til skipa sem hafa viðeigandi viðtæki og prentara. Enn sem komið er sendir stöðin eingöngu veðurfregnir og stormaðvaranir auk tilkynninga frá "Gospas/Sarsat" gervihnattabjón ustunni í Noregi en í framtíðinni er ætlunin að senda siglingafræðilegar tilkynningar og aðvaranir til sjófarenda eins og aðrar strandarstöðv ar gera nú þegar.

Tæknibylting

Gífurleg tæknibylting hefur átt sér stað í fjarskiptum frá því að stöðin flutti í Gufunes. Þar hæst tilkomu tíðnimótaðra (FM) stöðva til afgreiðslu radiósímtala á metrabylgjum (VHF) og lagasetningu um útsendingar á einhliða bandi (SSB) á millibylgjum og stuttbylgjum í viðskiptum milli strandarstöðva og far stöðva í skipum.

Stöðin fjarstýrir nú sendi og við tækjum sem nota metrabylgju á fjórum stöðum á landinu. Útbreiðslusvæði þeirra er frá sunnanverðum Vestfjörðum að Vestmannaeyjum. Að auki er metrabylgjustöð í Gufunesi.

Talviðskipti á stuttbylgju og millibylgju hafa breyst mikið með útsendingum á einhliða bandi (SSB) og nást ekki lengur á venjuleg útvarpstæki.

Senda- og viðtækjakostur ásamt loftnetabúnaði hefur verið endurnýjaður en stuttbylgjusendar stöðvarinnar eru allir staðsettir á Rjúpnahæð og fjarstýrðir frá stöðinni. Fjar stýrðir sendar og viðtæki fyrir millibylgju- og langbylgjuafgreiðslu eru einnig staðsett þar og víðar umlandið. Þjóna þau bæði sjó- og land farstöðvum. Á næsta ári verður afgreiðslubúnaður stöðvarinnar endurnýjaður með örtölvu- og rafeinda stýrðum búnaði frá Noregi.

Fjarskipti við landfarsstöðvar heyra undir Reykjavíkradíó og gengur sú þjónusta oftast undir nafninu "Gufunesradíó". Talstöðvar tengdar stöðinni eru einnig í ferðaskálum og við virkjanir.

Breytt hlutverk

Viðskipti stöðvarinnar hafa fjórfaldast á síðustu 25 árum og starfsmönnum fjölgað í 25 á sama tíma. Tilkoma sjálfvirkra farsíma hefur dregið nokkuð úr fjölda radiósímtala undanfarið. Hins vegar hafa viðskipti stöðvarinnar við erlend skip aukist og munar þar mestu um fjölgun fiskiskipa frá Evrópubandalaginu í grænlenstri lögsögu og grænlenstra rækjutogara.

Hver framtíð stöðvarinnar verður á þessum byltingartímum á sviði fjarskipta er vandi að spá um en hún verður lengi enn tengiliður milli sæfarenda og lands auk þess að sjáum öryggisvörslu og neyðarviðskipti ef til þeirra kemur.

Innan fárra ára verður sett upp alheims neyðar- og öryggiskerfi ávegum Alþjóða siglingamálastofnunarinnar (IMO) og þar er strandar stöðvum eins og Loftskæptastöðinni í Reykjavík ætlað ákveðið hlutverk.

Stöðvarstjórar á Melunum voru: Friðbjörn Aðalsteinsson og Hallgrímur Matthíasson en í Gufunesi: Bjarni Gíslason og núverandi stöðvarstjóri er Stefán Arndal.

Texti: GMG

Morgunblaðið/KGA

Loftskæptastöðin á Melunum.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Karl Kristjánsson loftskæptamaður að störfum í Gufunesi.

Morgunblaðið/Kristján Magnússon

Loftskæptastöðin í Gufunesi.



Hús loftskýptastöðvarinnar var gert að fjarskiptasafni um tíma á meðan Landsími Íslands átti húsið.

Myndirnar hér eru af litlum hluta tækja sem voru til sýnis á safninu. Þegar safnið var lagt niður og önnur starfsemi tók við í húsinu fóru sýningamunir á önnur söfn.



Vinnuborð loftskýptamanna á upphafsárunum



Hluti safngripa fór í Skógasafn. Þar var smíðað líkan af loftskeytaklefa og tækjum safnsins á Melunum komið fyrir ásamt miklu magni annarra tækja sem Skógasafn átti. Þessi „Loftskeytaklefi“ er vel tækjum búinn eins og var í fullkomnustu skipum, t.d varðskipum og herskipum.



Í Skógasafni eru varðveitt í sýningasal tæki frá fyrstu árum loftskeyta og útvarps á Íslandi ásamt sögu tækjanna.



Viðtæki frá árunum 1918-1920 á loftskeytastöðinni



Útvarpstæki frá fyrstu árum útvarps á Íslandi



Tæki frá árunum 1924 til 1932



Auglýsing frá árinu 1926. Þeim sem áttu útvarpsviðtæki var gert að skylda að borga 85 krónur í stofngjald til h/f Útvarps en afnotagjaldið var 50 krónur á ári. Á sama tíma var áskrift að Morgunblaðinu 24 krónur á ári.





Loftskýptastöðin í Reykjavík hóf starfsemi sína í þessu húsi. Þar er núna ein kennslustofa og aðstaða fyrir kennara Raunvísindadeildar Háskóla Íslands.

Margt hefur breyst á 75 árum

Eins og nærri má geta hefur starfsemi breyst mikið frá því að Loftskýptastöðin í Reykjavík (Reykjavík radió) tók til starfa 17. júní 1918. Margvíslegri þjónustu hefur verið komið á fót, hún síðar aflögð og ný komið í staðinn. Önnur þjónusta hefur haldist frá upphafi en tekið örnum breytingum vegna tækniframfara.

Loftskýptastöðin var fyrst til húsa vestur á Melum en húsið sem þar var reist stendur enn og er nú notað af Háskóla Íslands. Árið 1963 var öll afgreiðsla Loftskýptastöðvarinnar flutt í Gufunesi, jafnframt því sem tækjabúnaður var endurbættur. Öll þjónusta stöðvarinnar fór í upphafi fram á morse en talviðskipti við skipin voru fyrst tekin upp 1930. Fór þá mjög að fjölga talstöðvum í skipum og radióstöðvum í kringum landið og mikil aukning varð á viðskiptum við strandarstöðvarnar. Árið 1938 var opnuð talafgreiðsla milli skipa og símnotenda í landi og varð sú þjónusta fljótt vinsæl. Talviðskipti á stuttbylgjum hófust síðan nokkru eftir síðari heimsstyrjöldina. Frá því að tilkynningaskylda íslenskra skipa var tekin upp hafa þau viðskipti verið snar þáttur í rekstri stöðvarinnar.

Radiótalsamband við útlönd var tekið upp 1935 og var viðtökubúnaður fyrir það settur upp í Gufunesi. Þar var reist hús og komið fyrir fyrirferðarmiklum loftnetum og nauðsynlegum búnaði. Senditækjum var komið fyrir á Vatnsenda. Sjálf afgreiðslan fór hins vegar fram í Landsímahúsinu. Afgreitt var á stuttbylgju í gegnum Kaupmannahöfn og London og síðar New York.


Starfsemi fyrir Norður-Atlantshafsflugíð hófst 1946 og annaðist Ísland alla þætti radióflugþjónustunnar á miklum hluta Norður-Atlantshafsins. Þessi starf-

semi var sett upp í Gufunesi og varð að stækka hús stöðvarinnar og fá viðamikinn tækjabúnað og þjálfá starfsfólk til að sinna þessari þjónustu. Sendistöðvum fyrir flugþjónustuna var komið fyrir í Leynimýri, á Vatnsenda og á Rjúpnahæð. Síðar voru settar upp fjórar aflmiklar metrabylgjustöðvar, sín í hverjum landsfjórðungi, en þær tryggðu meiri gæði í talviðskiptum við flugvélar þótt þær væru skammdrægari.

Íslensk flugmálayfirvöld hafa eftirlit með flugumferð á Norður-Atlantshafi fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina. Í Gufunesi er séð um ákveðin fjarskipti við flugvélar. Radióflugþjónustan er einn þátturinn í þeim öryggisráðstöfunum sem gerðar eru í sambandi við flugumferð. Hún felur m.a. í sér viðtöku og dreifingu á staðar-ákvörðunarskeytum, veðurskeytasendingar til flugvéla á flugi, skeyti varðandi flugumferðastjórn, upplýsingar um lendingarskilyrði á flugvöllum og margs konar aðra upplýsingaþjónustu. Haldið er uppi stöðugu sambandi við fjarskiptastöðvar fyrir flugvelli í hinum ýmsu löndum umhverfis Atlantshafið og föstum samböndum við ýmsa aðila innanlands eins og flugumferðarstjórnina á Reykjavíkurflugvelli, Veðurstofu Íslands, flugfélögin og flugumsjón og veðurstofuna á Keflavíkurflugvelli.

Viðskiptin við flugvélar fóru í fyrstu fram á morse, á stuttbylgjum og langbylgjum. Árið 1951 komust á talviðskipti við vélar og voru morse fjarskipti við flugvélar aflögð 1960. Við erlendu stöðvarnar voru samskiptin fyrst á morse en síðar tóku við radiófjarritasambönd og frá 1962 tóku sæstrengimír við. Frá 1988 hafa öll fjarskipti við erlendar stöðvar farið um gervihnött.

Myndin er sennilega tekin á bilinu 1926 - 1930



Frá vinstri : Snorri P.B.Arnar, Friðbjörn Aðalsteinsson stöðvastjóri,
Guðmundur Sigmundsson og Hallgrímur Mattíasson.

Friðbjörn bjó áður á Seyðisfirði og er annar Íslendinga til að vera fyrstur manna til að nota fjarskiptatæki, þá með félaganum sínum, Þorsteini Gíslasyni eins og kemur áður fram í þessum bæklingi.



Sendar staðsettir á miðhæð hússins

Fleira var gert en afgreiða skipaflotann


Síma-Blat
bladið

Útgefandi: Félag íslenskra símamanna.

XIX. árg. Reykjavík 1934 3. tbl.

Ísland og Noregur tefla á stuttbylgjum.

Eins og getið er um á öðrum stað hér í blaðinu, hefir loftskæptastöðin í Reykjavík nýlega fengið stuttbylgjusendir og þann 27. maí gafst alveg einstakt tækifæri til að reyna langdrægi hans og óskeikulleika. Og sendirinn stóðst þessa eldraun prýðilega. Allan þann tíma, sem unnið var við Osló, þurfti aldrei að endurtaka eitt einasta orð héðan. Klukkan hálf átta að morgni þess 27. maí náðist samband milli loftskæptastöðvarinnar í Reykjavík (TFA) og loftskæptastöðvarinnar á Tryvasshögda við Osló (LCC). LCC notaði 32.2 metra bylgjulengd, en TFA 36.1 m. Um hádegi hækkaði TFA bylgjulengdina upp í 37.1 m., vegna þess, að sú bylgjulengd reyndist truflanaminni. Klukkan rúmlega eitt um nóttina var taflinu lokið og stóð það heima, að þá misti TFA samband við LCC. Höfðu raftaugar til LCC frá rafveitunni bilað. En þetta



Norsku taflmennirnir.

hafði engin áhrif á taflid. Því var sem sagt lokið, en þó þannig, að allar skákir voru óafgerðar og því sendar til dóms í Stokkhólmi. Í þessu sambandi er gaman að rifja upp fyrri kappskákir yfir loftskæptastöðina í Reykjavík. Í fyrsta sinni var teflt við Bergen veturinn 1925—1926. Var þá teflt á hverju kvöldi frá því í október 1925, þangað til í apríl 1926. Á

hverju kvöldi kl. 12 voru send tvö tatlkeyti milli TFA og Bergen Radio (LGN), og svo vel tókst til, að aldrei brást sambandið. TFA hafði þá nokkuð aldraðan neista-sendir, en LGN nýjan lampa-sendir og var 1800 metra bylgjulengd notuð í báðar áttir. Í annað skifti var teflt við Osló, en yfir Bergen Radio. Það var árið 1929 og hafði TFA þá nýlega fengið lampa-sendir, en LGN notaði sama sendir eins og 1925—26. Þessi skák fór fram á sunnudegi og hófst kl. 10 og var lokið kl. 18. Einnig þá voru nokkrar skákir óafgerðar og sendar til dóms í Stokkhólmi. Þrátt fyrir óvenju miklar lofttruflanir reyndist sambandið ábyggilegt og tafleyskeytin töfðust ekkert. Loks var teflt 1931 þráðlaust milli TFA og gufuskipsins „Island“ (OYZB), sem þá var á leið til útlanda frá Reykjavík, með heimsmeistarann í skák, herra Aljechin, um borð. Það, sem er sérstaklega eftirtektarvert við þessar skákir, er, að þær eru fyrstar í sinni röð. Þegar teflt var milli Íslands og Noregs veturinn 1925—26, hafði aldrei áður verið teflt þráðlausu leiðina. Þá var teflt á langbylgju. — Næsta skák við g.s. Island var fyrsta skák milli skips og lands, og þá teflir heimsmeistarinn Aljechin í fyrsta sinni þráðlaust. Og nú síðast eru Íslendingar og Norðmenn fyrstir til að tefla á stuttbylgju. Loftkeytastöðin í Reykjavík hefir þannig í þrjú skifti í röð verið brautryðjandi hvað tafleyskeytasendingar snertir. Til viðbótar má geta þess, að Íslendingar unnu Norðmenn 1926 (1½:½). 1929 gerðu Íslendingar jafntefli við Norðmenn, og nú er því spáð, að líkt muni fara um síðasta taflíð á stuttbylgjunni. —

Töflin við heimsmeistarann um borð í „Islandinu“ voru vist aldrei alveg útkljáð. Auk þessara þráðlausu tafla hafa Íslendingar teflt við Dani simleiðis og unnu Íslendingar þær skákir (1½:½).

„Selskinna“ landssímans.

Alment eru menn orðnir svo vanir límaum og telja hann svo sjálfsagðum í daglegu lífi, að færri munu hyggja þá hinu mikla starfi, er simakerfið daglega últheimtir. En það starf krefst oft mikillar lipurðar og skapsmunastillingar simþjóna. Því fer betur, að simafólkið alment hefir tamið sér hina muðsynlegu skapgerð, og alment munu simatendur áregeðir. En þess jölda dæmi, að kaupssylumenn þeir, er mikið nota simann, hafi við mörg ækiferi sent simafólki gjafir. Hafa þeir þannig viljað syna starfsfólkinu þakkatöskvott fyrir lipurð og góðu afgreiðslu. Vissulega er félagslífi okkar djúkt veggauki og landssímanum nauðsynlegt að þessu líkur sé dómur almenningis. Starfsfólkið kappkostar að svo megi verða.

Ef við simafolk, sem daglega vinnum að tengslum hinna fjurbegustu landsluta, hyggjum að því, hve landssíman er orðinn völdugt fyrirtæki, hlýtur margan að reka í rokastans yfir því, hve lítið hann veit um hina kyrlátu þróun þessarar merku stofnunar. Og um minna veit sá himn sami um starfsfélaga sinn á hinum euda þráðarinn. Hljómblær og raddbryggði simafólksins eru hin merkilegu ták þess, hve tal-

Loftskeytastöðin á mikla sögu að sjálfsgöðu.

Loftskeytaþjónusta við skip og landstöðvar stöð yfir í 45 ár, frá 1918 til 1963

Í daglegu tali tölum við um „Loftskeytastöðin á Melunum“ en áður var þetta „Loftskeytastöðin í Reykjavík“ eða „Reykjavík Radio“.

Eftir að byggt var hús í landi Gufunes 1934 fyrir loftskeytaþjónustu festist þetta nafn við húsið á Melunum, „Loftskeytastöðin á Melunum“.

1918 Loftskeytastöðin tekur formlega til starfa 17. júní búinn Marconi sendi og viðtækjum af fullkornustu gerð þess tíma. Sendirinn var 5 kW neistasendir.

1920 Loftskeytastöðin fékk vandað 7 lampa viðtæki.

1921 Einn daginn var loftskeytamaður að hlusta eftir skeytum þegar hann heyrði í viðtækinu tónlist og söng. Í ljós kom að Markonifélagið í London var að gera tilraunir með að senda út útvarpsdagskrá. Þessi loftskeytamaður hefur því sennilega verið með þeim fyrstu íslendingum sem heyrði útsendingu útvarpsstöðvar erlendis frá.

1924 Upphaflegi Neistasendirinn bilaði og þá var smíðaður hér heima 2 kw. sendir sem reyndist mjög vel og var notaður í fjölda mörg ár, á meðan morse var sent með neistasendum.

1928 Lampasendir Loftskeytastöðvarinnar var breytt fyrir talsendingar. Sendar voru út tilkynningar og veðurfréttir á tíðninni 1442 m þangað til 1930. (Þessi tíðni reyndist síðar eina nothæfa senditíðni Ríkisútvarpsins eftir 1934)

1930 Talviðskipti við skip tekin upp.

1934 Loftskeytastöðin bætir við sig 0,5 kW stuttbylgjusendi og 0,5 kW mið og langbylgjusendi fyrir talsendingar.

1935 Talviðskipti við útlönd tekin upp

1938 Loftskeytastöðin tekur upp símaþjónustu við skip. Sent er frá Melunum en viðtakan er í Gufunesi. Samtölin eru tengd saman með símalinum milli þessara staða.

1940 Loftskeytastöðin er yfirtekin af breska hernámssliðinu.

1945 Millibylgju viðskipti hefjast að nýju.

1963 Loftskeytastöðin á Melunum hættir starfsemi 24. apríl á þessu ári og öll þjónusta flyst í Loftskeytastöðina í Gufunesi.

Starfsemi þessarar stöðvar var mjög örugg og farsæl, lítil sem engin vandamál komu upp þann tíma sem stöðin var rekin.

Sigurður Harðarson

Fyrsti Íslendingurinn sem stofnar og rekur útvarpsstöð

Úrdráttur úr grein í afmælisriti rafeindavirkja 1998 þegar félagið hélt upp á 60 ára afmælið með sýningu í húsi Langbylgjustöðvarinnar á Vatnsenda.

Fyrirsögnin er „Brautryðjandinn Otto B. Arnar“.

Þar er lýst ferlinu þegar hann gerir sína fyrstu tilraun með að senda út talað mál og tónlist árið 1920. Otto fór til Bandaríkjanna 1916 og nam fjarskiptafræði hjá Lee de Forest. Hann fór aftur 1919 til Forest og dvaldi þar um tíma. Otto skrifar í áður óbirtum skjölum eins og kemur fram í greininni:



„Ég hvarf svo heim enda lítið við að vera þar sem tilraunir de Forest lögðust niður um nokkur ár, en 1919 tók hann þær upp aftur og bauð mér að þá að koma til sín. Þáði ég það og dvaldi hjá honum í nokkrar vikur, haustið 1919. Í þessari sömu ferð fól þáverandi ríkisstjórn mér að kaupa tæki í „Sterling“ sem ríkissjóður átti þá og fékk ég óbundnar hendur um val tækjanna“. (Smá stytting texta: Otto keypti samskonar tæki sem de Forest hafði notað við tilraunir sínar með smá breytingum) „Fór ég svo með Sterling til Danmerkur um veturinn til að sjá um uppsetningu tækjanna og sigldi að því búnu heim með því“.

Otto um tvítugt

„Ég vissi af einum manni á Íslandi sem þá hafði móttakara fyrir loftskeyti, en það var Þorsteinn Gíslason, nú stöðvastjóri á Seyðisfirði. Við tókum land á Djúpavogi og þaðan sendi ég Þorsteini símskeyti og bað hann hlusta eftir mér. Úti fyrir Austfjörðum sendi ég svo út tal og lög frá grammófón og brátt fékk ég símskeyti frá Þorsteini þess efnis, að hann heyrði ágætlega til mín. Þetta mun hafa verið fyrsta útvarpssending á Íslandi“.

Geta má þess að skipið Sterling var með rými fyrir 86 farþega á tveim farrýmum. Það var raflýst með 800 ha gufuvél og gekk 10-11 sjómílar á klukkustund. Það var aðallega í siglingum milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur. En svo árið 1917 var það einnig í siglingum umhverfis landið.



Otto B. Arnar

Otto B. Arnar, loftsketafræðingur og forstjóri, fæddist á Ísafirði 10.12. 1894. Foreldrar hans voru Björn Pálsson, ljósmyndari og verslunarstjóri, og kona hans, Kristín Snorradóttir verslunarstjóra á Siglufirði Pálssonar. Kona Ottos hét Karen Margrethe Arnar, fædd Hvidt, f. 15.6. 1912, d. 10.1. 1990 Foreldrar hennar voru Oscar Hvidt, kaupmaður og Margrethe Hvidt, fædd Clausen. Synir Ottos og Karenar eru Gústav, fv. forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, og Birgir, forstjóri Otto B. Arnar ehf.

Otto hóf störf hjá Landssíma Íslands 1908 og árið 1919 stofnaði Otto verslun sem ber nafn hans og er í eigu niðja hans í dag. Í fyrstu seldi hann símtæki og ritvélar og síðar var hann einnig með útvarpsverkstæði. Árið 1915 hafði hann frumkvæði að stofnun Félags íslenskra símamanna. Það félag gaf út tímaritið Elektron, síðar Símablaðið, sem flutti fréttir af nýjustu tækni, þ.á.m. útvarpstækni. Skrifaði Otto fjölda greina í blaðið og raunar önnur blöð um radíó- og loftsketafræði fram á sjötta áratuginn.

Otto var forystumaður í útbreiðslu radíótækni á Íslandi. Hann gerði fyrstu tilraunir með útvarpsendingar á Íslandi veturinn 1919-1920 og árið 1926 átti hann frumkvæði að stofnun útvarpsstöðvar, Hf. Útvarp. Rekstur stöðvarinnar var þungur og lagði hún upp laupana 1927 enda hafði Alþingi þá samþykkt frumvarp um stofnun ríkisútvarps. Enn fremur hafði verið ákveðið að ríkið myndi eiga einkarétt á sölu útvarpstækja og var í kjölfarið stofnuð Viðtækjaverslun ríkisins. Forsendur Hf. Útvarps fyrir rekstrinum höfðu verið þær að fyrirtækið sjálft hefði einkarétt á sölu útvarpstækja.

Otto var brautryðjandi í mörgum öðrum nýjungum í tæknimálum hér á landi. Hann átti t.a.m. þátt í stofnun Loftskeytaskólans og var kennari þar.

Otto lést í Reykjavík 9.4. 1972.



Einkaútvarp hefst

Útvarpsrekstur hófst í Reykjavík þegar H.f. útvarp byrjaði tilrauna-sendingar hinn 31. janúar. Formaður félagsins var Lárus Jóhannesson lögfræðingur en stjórnandi útvarpsins og aðalhvatamaður var Ottó B. Arnar símfræðingur.

Fyrst var útvarpað messu í Fríkirkjunni í Hafnarfirði; prestur var séra Ólafur Ólafsson. Upphaf messunnar fór í handaskolum en þegar predikunin hófst náðust útsendingar jafnt austur fyrir fjall sem sjötíu sjómilur suðaustur af Vestmannaeyjum þar sem togarinn Draupnir var á siglingu. 2. febrúar urðu þeir Árni Jónsson frá Múla og Símon Þórðarson frá Hóli fyrstu mennirnir til að syngja í íslenskt útvarp er þeir kyrjuðu nokkra glúnta „og fóru jafn vel með þá og þeir eru vanir“, að sögn Morgunbladsins.

Formlega hófust sendingar H.f. útvarps 21. mars með ávarpi atvinnumálaráðherra, Magnúsar Guðmundssonar. Litlar heimildir eru annars til um dagskrá þessarar fyrstu útvarpsstöðvar; útvarpað var í hálf-tíma á morgnana, aðallega veður-fregnum og gengisskráningu, en á kvöldin voru upplestrar, stöku sinnum leikrit og nokkuð var um söng. Nokkrir helstu andans menn landsins fluttu erindi í útvarpið, til dæmis Halldór Kiljan Laxness. Mikið var um messur. Sent var út frá einu herbergi sem H.f. útvarp hafði til afnota í húsi Búnaðarfélagsins við Tjörnina í Reykjavík.

Er leið á árið varð rekstur útvarpsins æ erfiðari. Fáir áttu enn útvarps-



Árni Jónsson frá Múla var annar þeirra sem kyrjuðu nokkra glúnta fyrstir manna í íslenskt útvarp.

tæki og afnotagjöld urðu því að vera mjög há ef endar áttu að nást saman. Jafnframt var sendir stöðvarinnar aflítill og þrátt fyrir viðleitni félagsins til menningarlegrar dagskrár þótti mörgum lítið til um. Stjórnsmál blönduðust og inn í, félagið var kennt við fámennan hóp íhaldsmanna og umfram allt var sú skoðun almenn að útvarpsrekstur á svo stóru og strjálbýlu landi sem Íslandi ætti að vera í höndum ríkisins ef vel ætti að vera. Var slíkt álit enda í samræmi við þróun mála í öðrum löndum um þær mundir.

Ottó B. Arnar.

Einkaútvarp lagt niður

Útvarpsstöð Ottós B. Arnar símfraeðings og félaga lagði upp laupana rúmu ári eftir að hún hóf útsendingar. Félagið „H.f. útvarp“ var lagt niður einhvern tíma um sumarið þegar rekstrargrundvöllur var ekki lengur fyrir hendi og stórfellt tap fyrirsjáanlegt. Engir fjáraflamenn treystust til að leggja fé í fyrirtækið. Jakob Möller, sem flutt hafði frumvarpið um útvarpsleyfi til Ottós og félaga, hafði þá í maí flutt þingsályktunartillögu þar sem skorað var á ríkisstjórnina að hefja undirbúning að rekstri ríkisútvarps. „Útvarpið verður ekki til lengdar rekið á þeim grundvelli sem nú er, og ég hygg að það sé skoðun manna að þessari starfsemi verði best borgið í höndum hins opinbera þegar til lengdar lætur.“ Var tillaga Jakobs samþykkt einróma.

Ottó gerði tilraun til að reka útvarpið einn í nokkra mánuði og vann öll störf sjálfur.

„Ég þurfti þá að byrja á því á morgnana að fara vestur á Mela og kveikja á stöðinni – síðan þeysti ég á reiðhjóli niður í Búnaðarfélagshús til að hefja útsendinguna – og þegar útsendingunni var lokið þurfti ég

að þeysa aftur út í loftskeytastöð til að slökkva ... [S]vo kom einnig að því, að mitt fé gekk til þurrðar og meira en það. Kvöld eitt haustið 1927 lauk ég útvarpinu með tilkynningu frá mér um að útvarpsstöðin í Reykjavík mundi nú hætta starfsemi. Þetta voru þung spor, margra ára starf hafði verið unnið til einskis – og framtíðardraumarnir, það var víst kominn tími til að snúa sér að einhverju öðru ... Útvarpsstöðin var sett upp á háaloft í loftskeytastöðinni. Síðan var hún flutt út í skúr ... Þannig fór um sjóferð þá.“

Enda þótt heimildir séu af skornum skammti virðist Ottó, þrátt fyrir ofangreind orð, hafa útvarpað að minnsta kosti öðru hverju langt fram á árið 1928 og í Morgunblaðinu 24. desember það ár kemur fram að útvarpa á messu um jólin. Það ár reyndi Arthúr Gook trúboði á Akureyri einnig að hefja útvarpsrekstur en lítið er vitað um útsendingar hans enda lögðust þær fljótt af. Var þar með lokið fyrsta kafla í sögu einkarekinna útvarpsstöðva á Íslandi og liðu hartnær sextíu ár þar til næsti kafla hófst.



(Útvarpstæki.)

LÁTID ÚTVARPIÐ

flýlja gleði og ánægju inn á heimilið, en gætið þess, að nota að eins góð viðtæki. Þau fáid þér bezt og ódýrust hjá oss.

»BALDUR« og »BRAGI« eru íslensk 4-lampataeki, sem hafa reynzt betur en mörg erlend tæki á markaðinum og eru ódýrari en öll önnur. Fleiri gerðir af íslenskum tækjum,



(Gjallarhorn.)

um, sniðin við hæfi Íslendinga, koma bráðlega á markaðinn. — Athugið, að ~~ekkert stofngjald~~ greiðist af tækjum, sem keypt eru hjá oss.

Hf. Útvarp, Reykjavík.

Í auglýsingu frá HF Útvarpi eru tæki auglýst sem „Íslensk“ tæki með nöfnunum „Baldur og Bragi. Ég fann í erlendum blöðum frá þessum tíma bæði myndir og teikningar af tækjum ásamt auglýsingu frá 1924 sem segir að 2 lampa kit kosti 24.75\$ og aðra þar sem 4 lampa kit kosti 52.29\$. Á sama tíma eru auglýst 4 lampa fullbúið tæki 165\$. Ekki kemur fram hvort kassinn sé með í verðinu. Þetta finnst mér styrkja þá hugmynd að þeir bræður Otto B. Arnar og Snorri P.B. Arnar hafi flutt inn kit (ósamansett útvarpstæki) og sett saman hér heima til að fá ódýrari vöru. Hugsanlega hafa kassarnir verið smíðaðir hér heima. Með því að smíða kassana hafa þeir hugsanlega komist hjá kvöðum framleiðandanna með merkingar erlendra verksmiðju. Einnig hafa þeir jafnvel breytt smíðinni til að gera tækin næmari til að ná veikari útsendingum eins og segir í auglýsingunni „hafa reynst betur en mörg erlend tæki“.

Sig. Harðarson



Þessi tæki líkjast mjög Baldri og Braga.

RCA Radiola III selt sem kit eftir auglýsingum að dæma.

Tveggja lampa tæki svipað og „Baldur“ frá HF Útvarp.



RCA Radiola III-A, einnig selt sem kit Fjögra lampa tæki svipað og „Bragi“ sem HF Útvarp auglýsir.

Ekki hafa fundist hvorugt þessara gerða „Baldur eða Bragi“, til að gera raunhæfan samanburð. Þangað til er þetta aðeins tilgáta hjá undirrituðum.

Janúar 2025, Sigurður Harðarson rafeindavirki.

H.f. Útvarp

Fyrsta útvarpsstöð sem starfrækt hefur verið á Íslandi er H.F. Útvarp. Stöðin var í einkaeigu og sendi út á árunum 1926 til 1928. Reksturinn reyndist ekki bera sig og lagði fyrirtækið því upp laupana, en hafði þó náð að kynna Íslendingum möguleika útvarpstækninnar og ýtti þannig undir stofnun Ríkisútvarpsins.

Aðdragandi

Ottó B. Arnar (1894-1972) var rétt kominn yfir fermingu þegar hann réð sig til starfa hjá Landssíma Íslands. Hann starfaði sem símritari og hafði árið 1915, 21 árs að aldri, forgöngu um stofnun Félags íslenskra símamanna. Félagið hóf þegar útgáfu blaðsins Elektron, sem síðar nefndist Símaþlaðið. Blaðið birti mikið af greinum um það sem nýjast var í heimi tækninnar, þar á meðal um útvarpstæknina. Hin nýja tækni heillaði Ottó, sem hélt bæði til Bandaríkjanna og Bretlands til að kynnast notkunarmöguleikum hennar. Árið 1924 fékk hann Alþingismaðmanninn Jakob Möller til að flytja frumvarp um sérleyfi til útvarpsrekstrar á Íslandi. Samkvæmt frumvarpinu skyldi fimm nafngreindum einstaklingum, með Ottó sjálfan fremstan í flokki, veitt heimild til stofnunar hlutafélags um rekstur útvarpsstöðvar, Að tíu árum liðnum hefði ríkið kauprétt að stöðinni. Frumvarpið var samþykkt á þingi árið 1925, en þó með þeirri veigamiklu breytingu að félagið fékk ekki einkaleyfi á sölu útvarpsviðtækja eins og óskað hafði verið eftir. Með þessu var fótunum í raun kippt undan rekstri stöðvarinnar, þar sem tekjur af viðtækjasölu voru ein aðalrekstrarforsendan. Engu að síður var félagið stofnað, hlutafé safnað og fyrsta útvarpsendingin fór fram þann 31. janúar 1926.

Rekstur stöðvarinnar

Útsendingarbúnaði H.f. Útvarps var komið fyrir í **loftskeytastöðinni á Melunum**, en stúdíó stöðvarinnar var í húsi Búnaðarfélags Íslands. Fyrstu vikurnar var haldið úti tilraunaútsendingum, en förmlegur upphafsdagur útvarpsstöðvarinnar var 18. mars 1926 og flutti Magnús Guðmundsson atvinnumálaráðherra opnunarræðuna. Takmarkaðar upplýsingar eru til um dagskrá þessarar fyrstu útvarpsstöðvar. Á morgnanna var stutt útsending með veðurfregnum og smáfréttum. Aðaldagskráin var á kvöldin með fréttum, sem einkum voru lesnar upp úr Morgunblaðinu, upplestrum, leikritum og söngvum. Þá var stundum útvarpað frá messum um helgar og naut það mikilla vinsælda. Rekstur H.f. Útvarps var alla tíð þungur, ekki hvað síst úr því að félagið hafði ekki fengið einkaleyfið á viðtækjasölu. Komið var á laggirnar Félagi útvarpsnotenda, sem ætlað var að tryggja hagsmuni viðtækjaeigenda en í raun var það fyrst og fremst stofnað til höfuðs hlutafélaginu. Hvatti Félag útvarpsnotenda mjög til þess að hið opinbera hefði frumkvæði að stofnun kraftmikillar útvarpsstöðvar. Þegar komið var fram á árið 1928 var rekstur hlutafélagsins kominn í uppnám. Útsendingar urðu með tímanum stopular og lognuðust að lokum út af. Ekki er ljóst hvenær stöðin sendi síðast út, en vitað er um útsendingar um jólaleytið 1928. Þá um vorið hafði Alþingi samþykkt lög um stofnun Ríkisútvarpsins og voru örlög einkaútvarpsreksturs því ráðin.

Dreifing

Þótt sendistyrkur stöðvarinnar teldist lítill eða um 0,5 kw, náðust útsendingarnar nokkuð víða, s.s. á Norðurlandi. Á Hvammstanga stofnuðu t.a.m. nokkrir menn hlutafélag um kaup á móttökutæki. Hlutafé félagsins var 650 kr. og skiptist í tíu jafna hluta. Fóru útvarpsendingar fram í þinghúsi hreppsins og voru fjölsóttar samkomur. Radíófélagið lagðist niður á árinu 1928, væntanlega um það leyti sem útsendingum H.F. Útvarps var hætt en þráðurinn tekinn upp að nýju með tilkomu Ríkisútvarpsins tveimur árum síðar. Með almennri eign útvarpsviðtækja hvarf þó grundvöllurinn fyrir sameiginlegum útvarpskvöldvökum.

Útvarpið (1926-28)

Auglýsing frá H.f. Útvarp

Áður en Ríkisútvarpið tók til starfa 1930 var einkarekin útvarpsstöð starfrækt á Íslandi til tveggja ára. Hlutafélagið H.F. útvarp (st. 1925) sem Ottó B. Arnar símfraeðingur var í forsvari fyrir, hafði fengið einkaleyfi til útvarpsreksturs til fimm eða sjö ára (ekki er alveg ljóst hvort var) en hann hafði kynnst tækninni í Bandaríkjunum. H.F. útvarp fékk reyndar ekki einkaleyfi til að selja útvarpstækin sem við átti en það var í raun forsenda þess að reksturinn gæti gengið upp. Fyrirvikið þurfti afnotagjaldið að vera töluvert hærra en fólk hafði almennt tók á og því gekk dæmið að lokum ekki upp. Útvarpsstöðin gekk líklega dags daglega undir nafninu Útvarpið en hún hafði ekki eiginlegt nafn, ennfremur var nokkuð á reiki hvað kalla skyldi þessa nýju tækni sem þarna var að ryðja sér til rúms. Framan af var hugtakið víðboð mest notað, þá tók víðvarp við en endingin varð útvarp, sem enn í dag er gott og gilt hugtak. Útvarpið tók til við tilraunaútsendingar í febrúar 1926 og náðust sendingar þess nokkuð út á haf og allt austur Rangárvallasýslu, á fyrstu dögnum var m.a. tónlistarflutningur þar sem Símon í Hól (faðir Guðrúnar Á. Símonar) og Árni Jónsson frá Múla (faðir Jóns Múla Árnasonar) sungu sænska glúntasöngva og eitthvað meira, en það var í fyrsta skipti sem sungið var hérlendis í útvarpi.

Útsendingataekin voru staðsett í **Loftheimastöðinni á Melunum** en útvarpað var úr Búnaðarfélagshúsinu við Tjörnina (sem í dag hýsir Tjarnarskóla), að Lækjargötu 14b.



Mynda þessi segir, að eitthvað skemmtilegt heyrir nú í útvarpinu.

Ei hér stöð gera heimilð dæmlega og glæða heimililífið, þá lítið yður útvarp. Það heyrir yður gullþjónarar, málk, traðendi lýðlestra, ljóttu, veður-skyti, timanarí, stjórnaðilvarar o. s. s. auk skemmtunar og hólleika fyrir börnin.

Fálið yður þvi útvarpstæki þegar í stað. Hvern dag, sem þið lítið heit drögur, heit þið lítið miklu og heit á mið við margt.

Víðleitastakin er yður, af skýmlegum ástæðum, best að koma þvi oss.

H.f. Útvarp, Reykjavík.



Húsnæði Búnaðarfélagshúsinu við Lækjargötu

Það var svo í mars sem Útvarpið tók formlega til starfa og þá voru um **tvö hundruð viðtæki** í umferð hérlendis. Ekki var um að ræða samfellda dagskrá, um hálf tíma dagskrá var á morgnana en lengri á kvöldin. Reyndar var lítið um tónlistarflutning í Útvarpinu, eitthvað var um lifandi flutning en tónlist af grammófónum var með þeim hætti að hljóðnemi var settur við fóninn. Meira var um talað mál, veðurfregnir, erindi og fréttir sem lesnar voru úr Morgunblaðinu.

Útvarpið starfaði fram á árið 1928 en útsendingum var hætt í mars það ár. En þar með var boltinn farinn að rúlla og tveimur árum síðar hóf Ríkisútvarpið starfsemi sína.

4. Kafli. Útvarpið.

Það er ekki unnt að komast hjá því að fara stuttlega yfir sögu útvarpsins, þar sem það var að mörgu leyti samtvinnað viðskiptasögu Ottós, alla veganna hlýtur fjármagnið sem fór í útvarpsreksturinn hafa að einhverju leyti komið frá viðskiptatekjunum, sérstaklega eftir að hann rak útvarpið á sitt eindæmi. Eins og áður hefur komið fram kynntist Ottó útvarps-tækninni í ferð sinni vestur árið 1916 og einnig aftur 1919 og var staðráðinn í að koma á útvarpi hérlendis. Hann gerði fyrstu tilraunir með útvarpssendingarveturinn 1919 – 1920, honum hafði verið falið af ríkisstjórninni að setja fjarskiptabúnað í e/s Sterling í Danmörku og sigldi sjálfur heim með skipinu til Íslands. Úti fyrir Austurlandi sendi hann frá sér talboð og tónlist sem numin voru á símstöðinni á Seyðisfirði af Þorsteini Gíslasyni loftskeytamanni, en á þessum tíma höfðu þó nokkrir Íslendingar eignast útvarpsviðtæki þar sem unnt var undir góðum skilyrðum að hlusta á útvarpssendingar BBC í Englandi. Eftir þetta var ekki aftur snúið. Næstu árin fóru í stofnum útvarps, sem hann kynnti sér enn betur, fór m.a. til BBC í Englandi og fékk að kynnast starfseminni þar. Hann fékk nokkra málsmetandi menn í lið með sér, þ.m.t. nokkra Alþingismenn. Ekki skal fjölyrt um þá baráttu sem átti sér stað en það fór svo að Alþingi veitti honum tímabundið leyfi til útvarpsreksturs.



Magnús Guðmundsson, atvinnumála-ráðherra flytur ávarp við upphaf formlegu útvarps

Fyrsta tilraunaútsendingin var 31. janúar 1926 frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði, þar sem sjómannamessu var útvarpað, en alvöruútsending hófst 18. mars sama ár. Síðar á árinu átti hann síðan frumkvæði að stofnun Útvarps hf., og fékk í því skyni Lárus Jóhannesson, hæstaréttarlögmann og fleiri nafntogaða menn til liðs við sig um stofnun hlutafélagsins og stóð það undir rekstri útvarpsins fram á árið 1927, en lagði þá upp laupana vegna fjárskorts. Ottó rak síðan stöðina á eigin kostnað, m.a. með sölu á viðtækjum sem hann smíðaði sjálfur ásamt Snorra bróður sínum og öðrum tæknimönnum. Hann reyndi að fá Alþingi til að samþykkja lög um einkarekstur útvarpsins og heimild til að innheimta afnotagjöld. Fékkst það ekki í gegn og þess í stað setti Alþingi fram frumvarp um stofnun

Ríkisútvarps sem enn er við lýði og ennfremur lög um einkarétt á sölu útvarpstækja á landinu og var Viðtækjaverslun ríkisins stofnuð til að sjá um sölu viðtækja. Með þessu var í raun útvarpsstöðinni sjálfhætt enda ekki grundvöllur fyrir rekstri hennar í þessu umhverfi. Ottó hætti rekstri þess síðla árs 1927 en virðist samt hafa hafið útsendingar öðru hverju alveg fram á árið 1928, væntanlega þar sem Ríkisútvarpið átti ekki að hefja rekstur fyrr en 1930.

Eftir þessi vonbrigði þurfti Ottó skiljanlega að gefa þessa ástríðu sína upp á bátinn og hefur þá eflaust einbeitt sér í auknum mæli að félaginu og smám saman byggt það upp með fjölgun umboða og vaxandi umsvifum sem ekki síst voru samfylgjandi auknum umsvifum á landinu.



Hlutabréf í h/f Útvarp



Ottó er hér greinilega að tala í hjóðnemann í útvarpinu sínu

Hér eru myndir af elstu útvarpstækjum sem vitað er að til séu á landinu. Þar fyrir aftan eru greinar um sögu tækninnar sem undirritaður hefur safnað saman og skrifað um eftir leit í bókum, blöðum, samtölum við eldri starfsmenn stofnana ásamt veraldavefnum.

Hluti þessara tækja sem myndirnar eru af er varðveittur hjá félaginu okkar en flest þeirra eru í varðveislu og til sýnis í Skógasafni. Önnur og miklu fleiri eru í geymslu hjá okkur þar til húsnæði finnst til að sýna þau. Hugmynd er að hægt verði að stækka húsnæði Skógasafns til að sýna allan þennan fjölda tækja sem við geymum og koma þar upp varanlegri sögusýningu um þróun útvarpstækninnar á Íslandi í tækjum.

Það mun taka nokkur ár og því væri gaman að geta sett upp sýningu áður í tilefni 100 ára afmælis útvarps á Íslandi ekki seinna en 18. mars 2026.

Skógasafn á mikið magn sögulegra muna sem ekki er hægt að sýna vegna plássleysis. Í Samgöngusafni Skógasafns er nú þegar saga símans, saga rafvæðingar, saga fjarskipta og björgunartækja í tækjabúnaði ásamt smá hluta af útvarpstækjum, allt í tímaröð.

Sigurður Harðarson



Varaviðtæki frá Loftskýstæðinni á Melunum síðan 1918. Tók á móti morse skýtum sem send voru með neistasendum þess tíma.



Kristal viðtæki model 1920



Plötuspilari frá árinu 1916



Lampaviðtæki model 1924



Gömul útvarpstæki og radiofonar við inngang í Samgöngusafnið Skógum.



Telefunken model 1926



Telefunken model 1930



RCA model 1925



Philips model 1930



Freshman model 1924



RCA (Kit) model 1925

Auglýsingar frá fyrstu árum útvarps



PHILIPS RADIO

Það er engin tilviljun, að radiolampar PHILIPS hafa náð meiri útbreiðsla en aðrir radiolampar hjer á landi sem annarsstaðar. Það er vegna þess, að útvarpsstöndur hafa með þeim að bestum árangri. Þagnanna víðurkenna að PHILIPS RADIO sje lofðandi fjelag á sínu sviði.

Til þess að fullkominn árangur náist frá útvarps-tækjum, er ekki næglaagt, að lamparnir einir sju góðir. Aðrir hlutar tækisins verða að vera að sama skapi góðir. — PHILIPS RADIO hafa því sett á markaðinn flest það, sem að útvarps-tækjum lýtur, af sömu gæðum og lamparnir. Eitt af því, sem mesta þýðingu hefir, er gællirinn.

Gællar PHILIPS eru víðurkendir fyrir gæði sín.





B-öppnutæki PHILIPS eru nú þegar orðin svo vel þekkt hjer, að ekki þarf að minna á þeu. Það er ekki einungla ódýrara að nota þeu í stað þurra rafvaka, þegar til lengdar latur, heldur sparast einnig mikið ómak og óþægindi við það. Sá, sem sína símti hefir notað PHILIPS B-öppnutæki, vill aldrei fremmar nota rafvaka.

Auk þess hafa PHILIPS RADIO flest sem að útvarps-tækjum lýtur, svo sem: Víðtæki, hleðlutæki, lofnetsvör, spennu, viðnámsstengli, o. fl.

Leitið upplýsinga hjá umboðsmönnum fyrir PHILIPS RADIO A.S.

SNORRI P. B. ARNAR
Reykjavík.

JULIUS BJÖRNSSON
Rafvækjaverslan. — Rafvækjuna.
Sími 873. — Reykjavík.

Félagsprentunilljan.

PHILIPS RADIO.

Eins og kunnugt er, hafa til skamma tíms, útvarpa víð-tækin, staðis söndtækjumum tilguvert að loki. Góð söndtæki hafa því ekki allaf noðis sin til fulls.

Til þess að hjeru sír þessu, hafa PHILIPS RADIO komið með á markaðinn ýmsar gerðir af víðtækjum, og kettur minnum stantum, sem, að hjer er um að ræða „ljólingartæki“, hvant gæði og allast smertir.

Útvarpsstöndur, sem hlusta á PHILIPS tæki, gæta samfærst um, hversu vel útvarp gætur hljómað, þegar víðtækin eru fullkominn.

PHILIPS víðtæki fæst í ýmsum gerðum, 2, 3 og 4 lampa. Fyrir rafvaka og fyrir ljóarsafmagóð.

Allar upplýsingar kettur í ljó og verðskrá lverþjun sem óskar ókveypis.



Umboðsmaður fyrir PHILIPS RADIO A.S

Snorri P. B. Arnar,
Reykjavík.

Félagsprentunilljan

Auglýsingar frá árinu 1925



XIV. Árg. Útgáfudagur: Fél. 10. stafrannan. G. 116.
Reykjavík, 1925.



XI. Árg. Reykjavík, 24. — Ágúst 1924. 4. 101.

Hilafjórur: David Jóhannsson og Sigurður Dehlmann.



TELEFUNKEN

er þrantryðjandi á sviði útvarpsins.

Þess vegna allu þeir, sem eignast vilja góð útvarps-tæki, að kanna Telefunken. Það eru þau lækki, sem fullkomnast eru, og allir verða ánægðir með.

TELEFUNKEN-LAMPAR

erú mest notaðir allra Radio-lampu. Þeir fást í allar gerðir víðtækja.

Umboðsmenn fyrir Telefunken eru

Hjalte Björnsson & Co.

Reykjavík.

Sími: 720.










Víðvarps-tæki frá TELEFUNKEN

hafa þegar verið seld til rúmra hlöð á landi sínu og annars staðar, meðal annars þetta hjeru tæki, sem hlusta hjer á markaðinn. Þessi víðtækta af-hjeru á við hjeru 1/2 lampu 1000 sem er.

Kunnið TELEFUNKEN víðtækta.




Fyrirgigliandi hjer á staðum:

Móttækutæki, Heyrnartól, Gjallhorn, Lampar, Rafvakar o. fl.

Einkasalar fyrir Ísland

Hjalte Björnsson & Co.
Reykjavík. Sími 720

Gæð er til að þeu Sinnablaðis viljastjórn.

Arthur Gook



Arthur Gook (1883-1959), trúboði fæddist í London 11. júní 1883. Ungur að árum fékk hann köllun til að fara til Íslands að stunda trúboð. Hann settist að á Akureyri árið 1905 þar sem hann tók við stjórn Sjónarhæðar söfnuðnum, sem hafði verið stofnaður árið 1897 af Skotanum Frederic H. Jones. Auk þess að veita söfnuðinum forystu stundaði Arthur bókaútgáfu, þýðingar og tannlækningar. Hann rak einnig útvarpsstöð á Akureyri frá 1927-1929. Atvinnumálaráðherra hafnaði beiðni um að framlengja leyfi Arthurs til útsendinga á grundvelli þess að hann hefði ekki leyfi til reksturs „gaman-útvarps”. Arthur flutti inn talsvert af útvarpstækjum til að Akureyringar gætu notið útvarpsins.

Auglýsing

RADIO-VÍÐTÆKI.

»ARCOLETTE« þriggja-lampa tæki eru komin. Þau verða notuð með hátalara innan 20—30 kilom. frá Akureyri. Þau kosta: Tækin, stór hátalari, eitt háspenna batterí, tveir rafgeymar, variómeter, þrjár lampar, snúrur og vír í loftnet, — sett upp hér í bæ (það, sem gera þarf innanhúss) — 130 kr. alls. Ekkert stofngjald né árgjald.

Herra Th. Lilliendahl símritari hefir reynt þessi tæki. Hann skrifar:

»Eg hlustaði á útvarpsstöðina á Sjónarhæð með »Arcolette« víðtækjum. Þau gefa frá sér kraftmikið, hreint og óþjagað endurvarp í hæfilegri fjarlægð frá útvarpsstöðinni.«

Langdrægari tæki »Arcolette nr. 3«, sem taka á móti inalandu og útlendu útvarpi á hátalara, kosta 225 kr. alls.

»Krystal«-tæki, sem nota má innan 20 kilom. fjarlægðar, með heyrnartól, — 27 kr. 50 au. (uppsett innanhúss hér í bæ). Má bæta við fleirum heyrnartólum. Væntanleg með »Dr. Alex.«

Útvarpsstöðin á Sjónarhæð,
Arthur Gook.

nóvember Ár 1927,



Útvarpstæki sem Arthur hefur flutt inn er til á Akureyri hjá miklum útvarpsáhugamanni um gömul tæki Helga Jóhannessyni rafeindavirkja.



Ljósrit úr bókinni „Loksins klukkahljómur“. Saga Fríkirkjunnar í Hafnarfirði í 100 ár.

Frásögn af fyrstu sjómannamessemi sem haldin var 31. janúar 1926 og ástæðan fyrir að henni var útvarpað sem er einnig fyrsta útsending útvarpsdagskrár á Íslandi, þetta var aðeins tilraun og er því ekki skráð sem dagur fyrstu útvarpsendingar á landinu.

Bls. 52 í bókinni

Halaveðrið 1925

Ársbyrjunin 1925 var stórviðrasöm. Gerði mikið mannskaðaveður í febrúar sem nefnt hefur verið Halaveðrið. Þá í febrúar fórust tveir togarar og var annar þeirra gerður út frá Hafnarfirði. Frá þessu segir í Alþýðublaðinu:

*Togarar.
Hafnarfjörður
hefur löngum
verið meðal helstu
útgerðarbæja
landsins og hefur
sjórinn tekið sinn
toll eins og bæjar-
búar fengu að
reyna í Hala-
veðrinu 1925.*



„Sunnudaginn 8. febrúar 1925 skall á mikið óveður á Vesturlandi og miðunum sunnan og vestan lands. Þegar það skall á voru margir togarar á þessum miðum, einkum á Halamiðunum. Mörg skip voru hætt komin í veðrinu, misstu báta og siglur brotnuðu en þeir tóku þó að tínast til hafnar á öðrum og þriðja degi. Að lokum voru allir komnir í höfn nema tveir, Leifur heppni frá Reykjavík og Robertson sem var enskur togari gerður út frá Hafnarfirði. Á Robertson voru 29 Íslendingar og sex Englendingar. Eftir umfangsmikla leit voru bæði skipin talin af og með þeim 68 manns. Sjóslys eins og þetta höfðu mikil áhrif á lífið í sjávarþorpinu Hafnarfirði og þegar togararnir höfðu verið taldir af söfnuðust bæjarbúar saman á bryggjunni og gengu þaðan til kirknanna þar sem minningarathafnir voru haldnar. Að þeim loknum var gengið aftur niður að bryggju þar sem bæjarfógeti sagði nokkur orð.“⁵⁵

Einnig var fjallað um málið í Dagblaðinu þar sem sagði meðal annars:

„Í Hafnarfirði söfnuðust bæjarbúar saman á hafnarbryggjunni og gengu þaðan í skrudfylkingu inn í bæinn til þjóðkirkjunnar. Voru svo guðsþjónustur haldnar í báðum kirkjum. Talaði síra Ólafur Ólafsson í frikirkjunni, en Árni Björnsson prófastur í þjóðkirkjunni. Síðan var aftur gengið fylktu liði niður á bryggju og lék hljóðfærasveit þar.“³⁶

Eflaust hafa þessir sorgaratburðir orðið til þess að 31. janúar 1926 voru í fyrsta sinn haldnar samtímis sjómannaguðsþjónustur í öllum kirkjum landsins þar sem sjómanna var sérstaklega minnst. Hafði biskup farið þessa á leit við alla presta landsins að undangenginni samþykkt sóknarnefndarmanna víðs vegar að af landinu frá fyrra hausti.³⁷

Fyrsta útvarpsmessan 1926

Nú var ekki látið þar við sitja að sjómanna skyldi minnst bak við luktar kirkjudyrr heldur var þann 31. janúar 1926 gerð markverð tilraun í Frikirkjunni í Hafnarfirði af þessu tilefni. Þar var þess freistað að útvarpa messunni til þeirra sjómanna sem voru staddir úti á sjó og höfðu því ekki tók á að mæta til messu. Um þetta sagði í Morgunblaðinu:

„Sjómannaguðsþjónusta í Hafnarfirði send í útvarpið í dag. Fyrsta tilraun hjer á landi.

Kl. 2 í dag heldur sjera Ólafur Ólafsson sjómannaguðsþjónustu í Hafnarfirði. Hefir útvarpsfjlagið ákveðið að gera tilraun með að ná guðsþjónustunni í útvarpið og senda hana út. Er svo ráð fyrir gert, að hún nái til togaranna, sem eru á veiðum. Er símaþráður lagður í kirkjuna og áhald sett þar, er tekur við ræðunni og söngnum og ber til útvarpsstöðvarinnar hjer á Melunum. Er fróðlegt að vita, hvernig þessi tilraun tekst. Er þetta í fyrsta sinni, sem reynt er að senda út ræðu hjer. Einnig er fróðlegt að vita, hvernig það tekst, að flytja ræðuna frá Hafnarfirði í útvarpið hjer. Á flestum ísl. togurunum er gjallarhorn. Ef það tekst á annað borð að senda ræðuna út svo hún heyrir til togaranna, geta skipshafnirnar heyrt hana.“³⁸



*Sjómennska.
Fyrsta útvarps-
messan á Íslandi
var flutt frá
Fríkirkjunni í
Hafnarfirði 1926
og náði hún til
sjómanna úti á
reginhafi.*

Hér var um afar athyglisverða tilraun að ræða og biðu eflaust margir spenntir eftir að vita hvernig til tækist. Morgunblaðið upplýsti um málið nokkrum dögum síðar:


„Útvarpið og messan í Hafnarfirði á sunnudaginn var. Getið var um það hjer í blaðinu á sunnudaginn var, að útvarpið hjer ætlaði að senda messugerðina í Fríkirkjunni í Hafnarfirði. Þar messaði sjera Ólafur Ólafsson. Í upphafi urðu smávægileg mistök á sambandinu milli frikirkjunnar og loftskæptastöðvarinnar, er urðu þess valdandi, að útvarpið náði ekki messunni fyrr en þrjedikunin var nýbyrjuð. Þegar þetta var komið í lag fór alt vel. Togarinn Draupnir var t.d. 70 mílur suðaustur af Vestmannaeyjum. Þar heyrðist það sem af var ræðunni eins vel og alt hefði farið fram þar í skipinu. Í gær hafði útvarpið ekki frjett frá togurunum fyrir Vesturlandi, hvort messan hefði heyrst þangað. En austur Rangárvallasýslu heyrðist vel. Og eins fjeck sjera Ólafur í gær þakkir fyrir ræðuna frá ýmsum stöðum hjer í næstu sýslum. Talið er, að móttökutæki sjeu nú um 200 hjer á landi, rúmur helmingur þeirra hjer í Reykjavík. Til Akureyrar hefir ekki heyrst vel frá útvarpinu. Ætlar stjórn útvarpsfjelagsins að senda mann norður, til þess að gera tilraunir með það, hvaða tæki sje best að nota þar.“³⁹

Útvarpsstöðin sem flutti boðskap séra Ólafs svo víða var einkaframtak þeirra Ottos B. Arnar símaverkfræðings og Lárusar Jóhannessonar, lögfræðings sem óskuðu eftir því að fá sérleyfi til útvarpsrekstrar árið 1926 þar sem ljóst var að ríkið kæmi ekki slíkri starfsemi á fót í bráð. Félag þeirra í Reykjavík fékk slíkt leyfi þetta ár en reglulegar útvarpssendingar hófust þó ekki fyrr en nokkru eftir að sjómannamessunni var útvarpað þarna í ársbyrjun eða þann 18. mars 1926. Sendir stöðvarinnar var í loftskæptastöðinni á Melunum í Reykjavík.⁴⁰

Þessi mynd er úr annarri bók, en sýnir að hluta hvernig loftnetin voru gerð.

Við félagarnir teljum víst að útvarpssendir HF Útvarps hafi fengið að tengjast einni línunni í samstæðu loftnetanna. Á myndum sýnist okkur þetta hafa verið „T“ loftnet, 4 vírar samsíða einangraðir hver frá öðrum. Hlustun hefur verið á annarri samstæðunni en sending á hinni. Einnig kemur fram í kafla Sigurbjörns, ritstjóra CQ TF að minni loftnet fyrir lægti tíðnir hafi verið til staðar og þá sennilega tekin inn á annarri hlið hússins.

Við leit í myndasafni er fyrsta loftnetið tvískipt, ein lína milli mastranna með einangrun í miðju. Tenging frá sitt hvorn endann inn í húsið þannig að þetta voru tvö aðskilin loftnet. Árið 1923 er komin þessu útgáfa sem er á myndinni. Þá er búið að bæta við fjarskiptatækjum og hefur þá verið þörf á fleiri loftnetum.



Grein í bókinni „Öldin okkar“, minnisverð tíðindi 1901 - 1930.

Hér er góð lýsing hvernig staðið var að útsendingu útvarps frá Frikirkjunni.

1926

Útvarp tekur til starfa í Reykjavík

Hlutafélag annast rekstur þess

^{31/1.} Eftir því sem „útvarpið“ svonefnda náði meiri útbreiðslu erlendis, vaknaði æ meiri áhugi manna hér á því að koma upp útvarpsstöð á Íslandi. Umræður hófust um það, að ríkið sjálft ætti að taka að sér að koma upp útvarpsstöð og reka hana. Talið var, að dráttur myndi verða á því máli, og fóru því einstaklingar á stúfana. Aðalforgöngumenn málsins voru Otto B. Arnar símaverkfræðingur og Lárus Jóhannesson lögfræðingur. Fóru þeir fram á það við alþingi, að stjórninni væri heimilað að veita félagi, er þeir stofnuðu, sérleyfi til útvarpsrekstrar. Fékkst því framgengt á alþingi 1925.

Útvarpsfélag stofnað.

Félag til útvarpsrekstrar var síðan stofnað í fyrra, og er Lárus Jóhannesson formaður þess. Hefur félagið nú fengið til reynslu litla útvarpsstöð, 0,5 kv., og er verið að setja hana upp. Hefur félagið tekið á leigu fundastofu Búnaðarfélags Íslands og breytt henni eftir þörfum. Hefur hún m. a. verið tjölduð öll innan til að koma í veg fyrir bergmál. Þar verða ræður fluttar og tónlist, en leiðslur liggja þaðan og til sendistöðvarinnar sjálfrar, sem hefur verið komið fyrir í loftskýtastöðinni á Melunum.

Félagið er nú að prófa stöðina, og verður mönnum innan skamms gefinn kostur á að heyrja ókeypis til hennar í einhverju samkomuhúsi bæjarins. Þá verða og sendir menn með gjallarhorn út um land, til að gefa sem flestum kost á að kynnast útvarpinu.

Guðspjónustu útvarpað.

Kl. 2 í dag heldur séra Ólafur Ólafsson sjómannaguðspjónustu í Hafnarfirði. Hefur útvarpsfélagið ákveðið að gera tilraun til að ná guðspjónustunni í útvarpið og senda hana út. Er þess vænt, að hún nái til togaranna, sem eru á veiðum, en flestir þeirra hafa gjallarhorn.

Er símpráður lagður í kirkjuna og áhald sett þar, er tekur við ræðunni og söngnum og ber til útvarpsstöðvarinnar á Melunum. Er fróðlegt að vita, hvernig þessi tilraun tekst, því þetta er í fyrsta skipti, sem reynt er að senda hér út ræðu.

Heyrðist mjög víða.

^{3/2.} Ræða séra Ólafs Ólafssonar frá Frikirkjunni í Hafnarfirði, sú er hann talaði í útvarpið á sunnudaginn, mun hafa heyrzt mjög víða og langt. T. d. heyrðist hún vel á Gulltoppi vestur á Hala. Apríl heyrði og greinilega til ræðumanns, en skipið var 200 sjómílur suðaustur af Vestmannaeyjum.

Í gærkveldi kl. 10½ sungu tveir vinsælustu og kunnustu söngmenn Reykjavíkur í útvarpsstöðina á Melunum. Voru það þeir Árni Jónsson og Símon Þórðarson frá Hól. Þótti vel til fundið af útvarpinu að fá einmitt þessa vinsælu söngmenn til að láta íslenzkan söng hljóma í fyrsta sinni í íslenskt útvarp. Söngurinn tókst ágætlega.

Fastar útvarpssendingar hefjast bráðlega.

^{14/2.} Enn er útvarpsstöðin ekki tekin formlega til starfa, en öllum undirbúningi má nú heita

lokið. Skeyti hefur borizt frá Englandi, þar sem frá því er sagt, að heyrzt hefði til íslenzka útvarpsins þangað. Víða á Norðurlandi hefur einnig heyrzt vel til þess — nema á Akureyri, þar heyrðist mjög illa.

Útvarpsstöðin tekur til starfa.

^{19/3.} Í gærkveldi kl. 9 var útvarpsstöðin nýja formlega opnuð til afnota, og mun hún framvegis senda út ákveðna dagskrá á hverju kvöldi. Í gærkveldi talaði fyrstur Magnús Guðmundsson atvinnu-
málaráðherra. Þá söng frú Guðrún Ágústsdóttir. Að því búnu flutti séra Friðrik Hallgrímsson ræðu um útvarpið og boðskap fagnaðareringisins. Dagskránni lauk með léttri tónlist.

Útvarpsstöðin er of lítil.

^{23/7.} Nokkur reynsla er nú fengin um rekstur útvarpsstöðvar þeirrar, sem hér hefur starfað síðan í marz í vor, og haft bækistöð í loftskýtastöðinni. Má telja fullsannað, að hún nær aðeins yfir hálf landið, og er bráðnaðsynlegt að koma hér upp sterkari útvarpsstöð hið fyrsta. Stöð þessi er aðeins ½ kilowatts stöð, en hér þyrfti a. m. k. 5 kilowatta stöð, að því er kunnáttumenn telja. Eftir því sem stöðin er sterkari, eftir því geta móttökutækin verið minni og ódýrari.

Ítarlega hefur verið farið yfir sögu Otto B. Arnars, en hér er smá viðbót.

Það var á brattann að sækja frá upphafi að fá leyfi til að reka útvarpsstöð. Otto B. Arnar undirbýr söfnun hlutafjár 1925 fyrir rekstur útvarps.

Undirritaður hefur undir höndum nokkur bréf sem Otto skrifar Fjármálaráðneytinu

í nóvember og desember sama ár, þar sem hann fer fram á niðurfellingu tolla á sendistöðinni ásamt

álögðum sköttum fyrstu tvö árin. Einnig er hann búinn að setja upp verðskrá fyrir íhluti til smíði útvarpstækja til að fjármagna reksturinn.

Lög nr. 51 um sérleyfi útvarpsreksturs voru samþykkt 27. júní 1925 á Alþingi. Þann 23. mars 1926 fær Ottó leyfi til útvarpsreksturs til 7 ára.

Otto skrifar langa og ítarlega grein um útvarpstækni, val á útvarpstækjum og hverju útvarp getur áorkað í þágu landsmanna í desemberhefti Símaþlaðsins 1925.

Þar upplýsir hann einnig orðrétt.

„Samkvæmt þessu hefi ég nú fest kaup á 1,5 kw stöð frá hinni alkunnu verksmiðju, Western Electric Co. Verksmiðja þessi stendur öðrum frammar í framleiðslu vönduðustu og bestu senda á þessu sviði sem helmingur allra útvarpsstöðva í heiminum notar“, segir hann.

Otto hét fullu nafni, Otto Björnsson Arnar. Hann var fæddur á Ísafirði 10. desember 1894 eins og nánar kemur fram í þessum bæklingi ásamt sögu stöðvarinnar og af hverju rekstri var hætt.

Undirritaður hefur grafist fyrir um hvað varð af sendinum eftir að stöðin hætti. Talið er að sendirinn hafi annaðhvort verið staðsettur á fyrstu hæð Loftskæptastöðvarinnar á Melunum eða í kjallara hússins. Notast hefur verið við eitt af fimm loftnetum á meðan útsending stóð yfir hluta úr degi. Einhver staðar er minnst á að sendinum hafi verið komið fyrir á háalofti stöðvarhússins eða í skúr við hlið þess. Hvor tveggja finnst okkur ólíklegt og er því sú ráðgáta óleyst enn.

Ekki hefur fundist mynd af þessum útvarpssendi.



Arthur Gook er hinn frumkvöðullinn sem setur upp útvarpsstöð á Íslandi eins og hefur komið fram.

Ekki er hægt annað en skyggjast aðeins inn í líf þessa merkilega manns.

Um Arthur er það að segja að hann heillaðist ungur af Íslandi og settist hér að árið 1905. Þjó á Akureyri með hléum til ársins 1955 er hann flutti til Englands að læknafráði, heilsunnar vegna. Snemma gerðist Arthur trúaður og bókaáhugamaður mikill. Það urðu straumhvörf í lífi hans, er hann gekk til hlýðni við trúna á Jesúm Krist. Hann fékk köllun frá Guði til að þjóna honum á Íslandi. Um það land vissi hann sáralítið, nema það sem hann hafði heyrt, að á Íslandi væri töluð danska! Hann hélt því til Danmerkur til að læra dönsku, sem kom honum raunar að góðu gagni síðar. Þegar til Íslands var komið blöstu hvarvetna við honum verkefni, sem vöktu áhuga hans. Áhugamálin urðu margþætt. Arthur varð strax áhrifamikill í bæjarlífi Akureyrar. Hann kenndi ungum mönnum fótbolta, stundaði lækningar með náttúrulegum, skrifaði greinar í blöð og hélt fyrirlestra ásamt að stofna tímaritið „Norðurljósið“. Eitt af hans fyrstu verkum var að taka við söfnuði sem heitir, Sjónarhæðarsöfnuðurinn. Auk almenns safnaðarstarfs rak hann barna og unglingastarf það sem kennt var við Ástjörn í Kelduhverfi. Jafnframt hinu andlega starfi ferðaðist hann um landið þvert og endilangt til að kynnast fólki. Bókaútgáfa var eitt áhugamála Arthurs. Hann gaf út fjölda kristilegra bóka og rita. Hann varð þekktur rithöfundur, vegna skrifa sinna, bæði á ensku og íslensku. Bækur hans náðu mikilli útbreiðslu og voru þýddar á að minnsta kosti ellefu tungumál. Gook fór í hnattreiðu 1950-51 og gaf út bók í framhaldi af þeirri ferð „Flogið um álfur allar“ þrýdda 40 ljósmyndum.



Gook og Florence

fjölskyldu minni heimili í Bretlandi og keypti ég þar hús með lánum. Þegar það var fullgreitt lést konan mín stuttu síðar, 1948“. Börnin voru farin að heiman svo ég seldi húsið. Í millitíðinni hafði ung kona, Hólmfríður Kristín Steinsdóttir séð um heimilishaldið fyrir Gook hjónin hér á landi. Skömmu eftir andlát Florence giftist Gook Kristínu sem fór síðan með honum í þetta mikla ferðalag sem tók heilt ár. Kristín var mjög trúuð, lék á orgel og var mikil driffjöður í Sjónarhæðarsöfnuðinum. Hún flutti til Englands með Gook og bjó þar áfram eftir andlát hans. 1965 settist hún aftur að á Akureyri þar sem hún endaði ævi sína á elliheimilinu í Skjaldavík.

Arthur hét fullu nafni, Arthur Charles Gook. Hann var tvígiftur. Þegar hann kom fyrst til landsins var með honum kona að nafni Florence Ethel Gook. Þau giftu sig tveim árum eftir komuna til Íslands. Hún tók einnig mikinn þátt í safnaðarstarfinu með honum, m.a. spilaði á orgel á samkomum. Gook var margt til lista lagt eins og áður er komið fram. Eitt af því var ljósmyndun og liggur eftir hann mikið safn ljósmynda af þjóðlífinu og landslagsmyndir sem Minjasafnið á Akureyri varðveitir. Í Sarpur.is er hægt að skoða þetta safn undir nafninu „Arthur Gook“. Hann framkallaði og vann sínar myndir sjálfur. Mikið af myndum af starfi safnaðarins og fleiru sendi hann til Englands til að liðka fyrir styrkjum til að reka söfnuðinn. Í formála bókarinnar, Flogið um álfur allar skýrir Gook frá hvernig hann fjármagnar heimsreisuna, 1950. Þar segir hann, „Svo er mál með vexti að fyrri konan mín gat ekki dvalið mjög lengi hér á landi. Varð ég því að útvega



Gook og Kristín Steinsdóttir



Gook og Florence með 4 af 5 börnum



Hús Sjónarhæðarsafnaðarins



Gook og Kristín við Taj Mahal minnisvarðann Agra í Delhi á Indlandi. Myndin er úr bókinni „Flogið um álfur allar“.

Hvernig varð útvarpsstöð Gook að veruleika ?

Gook dvaldi á Englandi veturinn 1923-24 og kynntist þar þessari nýju tækni að senda tal og tónlist þráðlaust, án landamæra. Þennan vetur hélt hann marga fyrirlestra um Ísland. Útgefandi einn bað hann að skrifa grein í blaðið sitt um Ísland og þennan söfnuð hans sem breiðir út kristilegan boðskap. Gook lýsir hversu strjálbýlt Ísland er og þar þyrfti að koma upp öflugri útvarpsstöð til að koma kristilegum boðskap á framfæri ásamt öðrum fróðleik. Auðug ekkja ásamt mörgum fleirum á Englandi fengu áhuga á að styrkja þessa hugmynd sem varð til þess að útvarpsstendur var keyptur og settur upp á Akureyri.

Gook, eins og hann var oftast kallaður sótti um útvarpsleyfi og stöðin fór í loftið seint á árinu 1927. Hann flutti inn ódýr útvarpstæki svo Akureyringar gætu notið þess að hlusta. Sendirinn var það öflugur að sendingar náðust víða erlendis. Stöðin var knúin af rafveitu Akureyrar sem var á þeim tíma mjög óstöðug. Lampar og annað bilaði stöðugt þar til útsending stöðvaðist um tíma. Flutt var inn rafstöð sem knúði sendinn til að koma í veg fyrir vandamálið. Sérfræðingur kom til að gera við og breyta sendinum fyrir nýja tíðni. Þetta tók allt sinn tíma. Ofan í allt saman var leyfi Gooks afturkallað fyrirvaralaust þar sem búið var að ákveða að stofna Ríkisútvarp með einkaleyfi á rekstri útvarps á Íslandi. Þar með var ekki lengur grundvöllur fyrir rekstri stöðvarinnar. Þau voru eflaust þung sporin hjá Gook þegar hann gekk inn í hljóðstofu stöðvarinnar í janúar 1929 og tilkynnti að stöðin mundi ekki verða starfrækt lengur. Það er sagt að hann hafi aldrei komið inn í þetta herbergi eftir það. Eftir lokun minntist hann aldrei framar á útvarpsstöðina einu orði, hvorki í ræðu né riti.

Útvarpsstendur Gook var aflmikill en notaði aðeins 1,5 kW.

Senditíðnin var upphaflega 182 metrar en var breytt síðar.

Allur búnaðurinn var mjög vandaður og talið er að hafi vigtað á þriðja tonn. Ekki er vitað hvað varð um þennan búnað eftir að rekstri var hætt,

Loftnetsmóstrin stóðu áfram í mörg ár. Á stríðsárunum setti breska setuliðið upp loftskýtastöð á Barðsnefi og nýtti sér loftnetin sem útvarpstöðin hafði notað. Eftir daga útvarpsins var rafstöðin lengi í notkun. Síðar fékk

Verkmenntaskólinn á Akureyri rafstöðina. Hún var lengi notuð sem kennslutæki. Nú er rafstöðin í eigu Minjasafnsins á Akureyri.



Sendirinn og spennugjafinn



Loftnetið var yfir gilið

Móstrin stóðu á brekkubrúninni ofan við samkomuhúsið sitt hvoru megin við gil með loftnetsvírinn yfir gilið og jarðsambönd í brekkunum sitt hvoru megin. Þessi staðsetning hefur örugglega átt sinn þátt í hversu langdræg þessi stöð var. Við góð skilyrði náðust sendingar til Kanada, Ástralíu og Kaliforníu. Cook fékk bréf frá radioamatör í Bandaríkjunum sem furðaði sig á að hér væri rekin útvarpsstöð, þar sem hann hélt að allir byggju á snjóhúsum.



Þessi mynd sýnir umfang sendibúnaðarins sem vigtaði nærri þrjú tonn. Tveir sérfræðingar komu til landsins til að setja sendistöðina saman og með þeim vann ungur maður, Grímur Sigurðsson. Hann lærði af þeim og varð síðar einn af okkar bestu tæknimönnum á þeim tíma. Grímur smíðaði tæki ef vantaði í einhver verkefni, svo sem magnara til að útvarpa messu frá kirkju eða öðrum samkomum. Tæknimenn RUV seinni tíma kölluðu þessi tæki „**Gríms ævintýri**“, ef þeir voru spurðir hvaða tegund þetta tæki væri. Grímur var einnig með Gook í tilraunum við að taka á móti sjónvarpsendingum frá Englandi árið 1934.

Saga útvarps Gook er afrek út af fyrir sig, þó svo honum hafi ekki lánast að reka útvarpsstöð til að útbreiða kristna trú og kærleik eins og hann vildi. Eftir stöð að margir norðlendingar áttu útvarpstæki þegar Ríkisútvarpið hóf starfsemi 1930. Áhugi ungra manna á radiotækni var einnig vakinn.

Upplýsingar þessar eru fengnar að mestu úr blöðum og tímaritum frá þessum tímum.

Myndirnar eru úr safni Gook og fengnar að láni frá Minjasafninu á Akureyri

Sigurður Harðarson

Á þessum fyrstu árum útvarpstækninnar á Íslandi voru aðallega tveir tæknimenn sem stóðu upp úr að mínu mati, þeir Snorri P.B.Arnar og Þorsteinn Gíslason á Seyðisfirði.

Íslendingar hafa verið ótrúlega fljótir að tileinka sér þessa tækni og sumir þeirra sjálfmenntaðir

Snorri P.B.Arnar var bróðir Ottos B. Arnar, eins og komið hefur fram áður. Snorri tók loftskeytapróf 1920 og lærði síðar radiofræði í National Radio Institute í Wasington D.C. 1934.

Starfaði í nokkur ár á Loftskeytastöðinni á Melunum þar sem sendir Ottos, bróður hans var hýstur og sendi út. Eflaust hefur hann eitthvað komið að því verkefni með honum. Seinna varð Snorri umboðsmaður Philips á Íslandi alveg til dauðadags. Hann varð fyrsti umboðsmaður Philips utan Hollands og jafnframt sá elsti í heiminum áður en hann lést. Snorri var sæmdur hollensku Oranje-Nassau orðunni 1966 fyrir vel unnin störf.

Þrátt fyrir að sett voru lög 1929 um að Ríkisútvarpið yrði með einkasölu á útvarpstækjum og stofnuð var Viðtækjaverslun ríkisins, hélt Snorri Philips umboðinu.

Á fyrstu árum útvarps auglýsti Snorri mikið Philips tæki og hátalara þar til einkasalan tók við eftir 1930. Hann rak í fjöldamörg ár viðgerðaverkstæði fyrir útvarpstæki og fleira á þessu sviði. Snorri lést 3. apríl 1978.



Um Þorstein Gíslason er getið nokkuð ítarlega hér að framan í þessum bæklingi. Hann hét fullu nafni, Þorsteinn Gunnlaugur Gíslason. Hann nam símritun hjá Mikla Norræna ritsímafélaginu á Seyðisfirði, 1906-1907. Þar vann hann alla tíð eftir það. Fyrst sem símritari á símsstöðinni frá 1907. Varð stöðvarstjóri 1915 og umdæmisstjóri Seyðisfjarðar 1926. Frá 1930 sem póstmestari þar til hann lét af störfum vegna aldurs, rúmlega sjötugur. Þorsteinn var mikill áhugamaður um radiofræði. Smíðaði mikið af tækjum, sendum og viðtækjum eins og kemur fram hér að framan. Á Tækniminjasafninu á Seyðisfirði eru sýnd nokkur tæki sem Þorsteinn smíðaði fyrir sveitunga sína á árunum 1920 til 1925. Þorsteinn var einnig mikill áhugamaður um fjarskipti, svokallaður, “Radioamatör“ með kallmerkið TF6-GI.

Skömmu áður en Loftskeytastöðin í Gufunesi tók til starfa 1935 var keypt vandað sett, talstöð og viðtæki frá framleiðandanum **Collings** í Bandaríkjunum sem áttu að notast þar. Tæknin breyttist á þeim tíma rétt áður en stöðin tók til starfa og önnur fullkomnari tæki voru keypt. Þegar Þorsteinn lét af störfum var honum gefið þetta talstöðvasett í þakklætisskyni fyrir vel unnin störf. Hann átti því sennilega flottasta talstöðvasett íslenskra radioáhugamanna fyrr og síðar miðað við verðlag þess tíma. Eftir andlát Þorsteins var Félagi íslenskra radioamatöra gefið þetta talstöðvasett. Þegar Tækniminjasafn Austurlands var stofnað fengu þeir þessa gripi til sýnis í gömlu símsstöðinni á Seyðisfirði. Eftir einhvern tíma var þeim komið fyrir í geymslu gömlu smíðjunnar þar stutt frá sem fór svo undir aurskriðuna 18. desember 2020. Viku áður en skriðan féll var þessum tækjum komið fyrir í símsstöðvarhúsinu og eru því til óskemmd.

Fróðleikur þessi kemur að mestu úr blaðagreinum og bókum um gamla tíma.

Sigurður Harðarson.



Auglýsing frá árinu 1925



RCA model 1924



Auglýsing frá árinu 1926



Hlustað á útvarpsdagskrá 1926

Ég vil koma hér á framfæri þakkir til þeirra sem lásu yfir greinar sem ég skrifaði og leiðréttu innsláttavillur ásamt að koma með tillögu að öðru orðavali í nokkrum tilfellum. Einnig voru mér innanhandar nokkrir sem sendu mér efni og bentu á bækur og blöð þar sem upplýsingar gætu komið að gagni. Þetta allt nýttist mér og vil ég þakka fyrir það.

Aðeins í lokin. Ég verð að segja frá því að í nokkur skipti á meðan ég var að vinna við þennan bækling, hitti ég fólk alveg óvænt sem gat hjálpað mér með fróðleik og lagt mér lið. Það er eins og einkver æðri máttur hafi leitt okkur saman.

*Janúar 2025
 Sigurður Harðarson
 rafeindavirki*